JÓGVAN HANSEN

*Breytt mataræði og í ræktina tvisvar á dag*

• heilsa

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS






ÓLAFUR ÓLAFSSON

*Kærastinn styður Jóhönnu Guðrúnu*

Vill fara með henni til Moskvu

FÓLK 26





Öll almenn prentun

www.isafold.is
Sími 595 0300

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. febrúar 2009 — 42. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


# Frestun á umsaminni 13.500 króna hækkun

**Forseti Alþýðusambandsins segir að ríkur meirihluti sé fyrir frestun kjarasamninga en vill loka gati milli lægstu launa og atvinnuleysisbóta. Framkvæmdastjóri SA segir það ekki stórt mál. Átök urðu á formannafundi ASÍ um málið.**

**VINNUMARKAÐUR** Lágmarkslaun í landinu eru lægri en atvinnuleysisbætur og það breytist ekki fyrr en umsamin launahækkun, sem átti að koma til framkvæmda 1. mars, tekur gildi. Lægsti taxti innan ASÍ er um 135 þúsund og atvinnuleysisbætur eru tæpar 150 þúsund krónur. Verulegar líkur eru á því að launahækkunin upp á 13.500 krónur taki ekki gildi um næstu mánaðamót.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, telur að „ríkur meirihluti“ sé innan Alþýðusambandsins fyrir því að „gera samkomulag um það að fresta endurskoðun kjarasamninga“. Gylfi segir launahækkanir ekki fastar í hendi en reynt verði að loka þessu gati. „Við teljum að það séu meiri líkur en minni á því að til uppsagna komi af hálfu atvinnurekenda og viljum þess vegna freista þess að halda í þennan kjarasamning og þau verðmæti sem í honum eru og fresta endurskoðuninni fram í júní,“ segir hann og bendir á mikilvægi þess að eiga samráð við nýja ríkisstjórn eftir kosningar. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, segir að það sé „ekki stórt mál fyrir markaðinn í heild“ að loka gatinu milli lægstu launa og atvinnuleysisbóta. „Við verðum bara að spá í hvernig þetta kemur inn í allt hitt.“

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að sjálfsagt sé að skilja og virða þessa niðurstöðu. Erfitt sé að semja við núverandi aðstæður. Verkalýðshreyfingin vilji skiljanlega taka upp þráðinn eftir kosningar þegar „komin er framtíðarríkisstjórn“.

Verkalýðsfélag Akraness, Framsýn á Húsavík, Afl starfsgreinafélag, Verkalýðsfélag Vestfirðinga og Drífandi í Vestmannaeyjum eru á móti frestun. Aðalsteinn Baldursson, formaður Framsýnar, segir að fundurinn hafi verið lýðræðislegur og meirihluti fyrir því að fresta. Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður Afls, segir að sjónarmið hafi tekist á en engin bein niðurstaða fengist. Samninganefndin hafi fengið sitt veganesti. **- ghs**



**KJÖTKVEÐJUHÁTÍÐIN UNDIRBÚIN** Nemandi í Grande Rio-sambaskólanum leggur lokahönd á risalíkan af skrautfugli sem mun þeysast um götur Rio de Janeiro í næstu viku en þá hefst hin árlega kjötveðjuhátíð í Brasilíu. NORDICPHOTOS/AFP

Óhefðbundinn smyglvarningur í farangri Íslendings sem kom frá Danmörku:

# Lausir snákar í ferðatöskunni

**LÖGREGLA** „Mönnum brá náttúrulega við enda ekki vanir að handfjatla snáka,“ segir Kári Gunnlaugsson yfirtollvörður um tvo lifandi snáka sem fundust á Keflavíkurflugvelli á sunnudagskvöld.

Að sögn Kára var um að ræða tvo snáka, hvor um það bil fimmtíu sentímetra að lengd. Þeir komu í ljós við reglubundna skoðun á ferðatösku íslensks manns sem búsettur er erlendis og var að koma frá Kaupmannahöfn.

„Snákarnir voru bara lausir innan um farangur mannsins. Hann tók þá sjálfur upp úr töskunni og setti í kassa svo ég hef ekki miklar áhyggjur af því að þeir séu eitraðir,“ segir Kári. Dýrin hafi ekki verið aflífuð strax þar sem hugsanlega sé ekki sjaldgæfar tegundir að ræða, jafnvel dýr í útrýmingarhættu, þótt þau gætu svo sem allt eins verið algeng og keypt í gæludýrabúð.



**SNÁKAR Í LEIFSSTÖÐ** Í sóttkví þangað til sérfræðingar skera úr um upprunann.

Snákarnir voru enn í sóttkví í Leifsstöð í gærkvöld og verða skoðaðir af sérfræðingum. „Í framhaldinu reikna ég með að þeir verði aflífaðir,“ segir Kári. **- gar**

## ÞRIÐJUDAGUR

### Fögur Helena í 15 ár



Brynhildur St. Jakobsdóttir stofnaði snyrtistofuna Helenu fögru aðeins 22 ára að aldri.

TÍMAMÓT 16

### Mikilvægi „sorpblaða“

Ef Guðmundi Andra Thorssyni mislíkar að fjölmiðill skuli heimta skýr svör til að upplýsa almenning má hann auðvitað hafa þá skoðun, segir annar ritstjóra DV.

UMRÆÐA 14

### Gáfu fiðlu



Póllandsfarar Jónínu Ben styrktu ungan fiðluleikara með rausnarlegri gjöf.

FÓLK 26

### Örlygsættar-áhrifin



Teitur Örlygsson og bróðurdóttir hans Margrét Kara Sturludóttir hafa breytt miklu hjá bikarmeistur-um Stjörnunnar og KR.

ÍÞRÓTTIR 22

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÆTA SUNNAN OG VESTAN** í dag verður suðaustan 10-15 m/s sunnan og vestan til með rigningu eða skúrum, einkum eftir hádegi. Hægari vindur annars staðar og yfirleitt þurrt. Milt í veðri.

VEÐUR 4





Fréttablaðið er með 97% meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2008 - janúar 2009.




**FRANSKI KAFBÁTURINN** Le Triomphant var siglt til heimahafnar í Frakklandi eftir áreksturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Árekstur tveggja kafbáta:

# Vekur áhyggjur af öryggi í hafi

**BRETLAND, AP** Tveir kjarnorkukafbátar, annar franskur og hinn breskur, rákust á í Atlantshafinu í byrjun febrúar. Þetta var upplýst í gær.

Áreksturinn vekur á ný upp áhyggjur af öryggi í höfunum. Báðir bátarnir voru þó á litlum hraða og skemmdir urðu litlar. Breski kafbáturinn var dreginn til hafnar í Skotlandi en þeim franska var siglt fyrir eigin vélarafli til heimahafnar. Aðildarríki Nató tilkynna hvert öðru um ferðir kafbáta, þó aðeins um hvaða hafsvæði þeir fara en gefa ekki upp nákvæma siglingaleið. **- gb**

Alexía Björg Jóhannesdóttir:

# Náði bíræfnum innbrotsþjófi

**FÓLK** „Ég heyrði einhver hljóð á svölunum á svefnherberginu okkar nokkrum mínútum eftir að við slökktum ljósið. Ég reif strax upp gardínurnar og horfði þá beint í augun á ungum manni með hettu á höfðinu,“ segir leikkonan Alexía Björg Jóhannesdóttir sem stóð innbrotsþjóf að verki á svölunum hjá sér í Vesturbænum. Alexía er komin átta og hálfan mánuð á leið en varð sem betur fer ekki meint af.



**ALEXÍA BJÖRG JÓHANNESDÓTTIR**

„Ég varð eiginlega ekkert hrædd heldur bara reið,“ segir Alexía. **- jma / sjá síðu 26**




**SPURNING DAGSINS**



*Teitur, áttu allir Stjörnuleik?*

„Já, enda Stjörnuleikmenn.“

Stjarnan vann bikarmeistaratitilinn í körfubolta karla um helgina í fyrsta sinn. Teitur Örlygsson er þjálfari Stjörnunnar.

Útgreiðsla séreignarsparnaðar með allt öðrum hætti en upphaflega var áætlað:

# Leið lífeyrissjóðanna var valin

**FJÁRMÁL** Nýtt frumvarp ríkisstjórnarinnar um skyldusparnað tekur tillit til óska lífeyrissjóðanna um greiðslu úr séreignarsjóðum. Mun skemmra er gengið við greiðslu úr sjóðunum en upphaflega var lagt upp með. Eigendum séreignarsparnaðar gefst kostur á að fá eina milljón króna greidda út, til að bregðast við fjárhagsvanda. Ekki verður um eingreiðslu að ræða heldur fær fólk sparnað sinn greiddan á sex til níu mánuðum, samkvæmt frumvarpinu, sem til stóð að kynna í þingflokkum í gær.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, varaformaður þingflokks Samfylkingarinnar, segir ljóst að niðurstaðan sé önnur en lagt var upp með í byrjun. „Þorri landsmanna á ekki háar upphæðir í séreignarsparnaði en þetta ætti að nýtast fólki engu að síður.“ Steinunn segist hafa vonast eftir að eigendur sparnaðarins gætu fengið eingreiðslu en það hafi ekki gengið eftir þar sem sjóðirnir treystu sér ekki til að greiða sparnaðinn út með þeim hætti. Hún vonast til að fólk nái að greiða upp óhagstæð lán eins og yfirdrátt og greiðslukortaskuldir, sem ætti að koma sér vel hjá mörgum.



ÓLÖF NORDAL



STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR

Ólöf Nordal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, starfaði í vinnuhópi fyrri ríkisstjórnar sem fjallaði um útgreiðslu séreignarsparnaðar. „Mér sýnist þetta vera með allt öðrum hætti en fyrst var áætlað. Það er skammt gengið svo ekki sé meira sagt. Ég held að þetta muni ekki breyta mjög miklu hjá fólki.“ **- shá**

Skoðanakönnun Gallup:

# Stjórnin áfram án Framsóknar

**SKOÐANAKÖNNUN** Samfylking og Vinstri græn þurfa ekki að reiða sig á stuðning Framsóknarflokksins hyggi flokkarnir á áframhaldandi samstarf, samkvæmt skoðanakönnun Gallup. Samfylkingin hefur mest fylgi allra flokkanna, og rúmlega sextíu prósent þjóðarinnar styðja ríkisstjórnina.

Fylgi Samfylkingarinnar mælist nú 27,7 prósent og Sjálfstæðisflokksins 25,8 prósent. Vinstri græn mælast með 24 prósent rúm. Framsóknarflokkurinn hefur 15 prósenta fylgi en Frjálslyndir mælast með 2,5 prósent.

Könnun Gallup var gerð dagana 30. janúar til 15. febrúar. **- shá**

# Sigbjörn Gunnarsson látinn

Sigbjörn Gunnarsson, fyrrverandi alþingismaður, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri á sunnudag. Hann var 57 ára.



Sigbjörn lauk stúdentsprófi frá MA 1972 og stundaði nám við Háskóla Íslands 1974-1975. Hann starfaði sem kennari og kaupmaður á Akureyri frá 1972 til 1991. Hann sat á Alþingi fyrir Alþýðuflokkinn í Norðurlandskjördæmi eystra frá 1991 til 1995. Hann var sveitarstjóri Skútustaðahrepps í Mývatnssveit árin 1997 til 2005 og sveitarstjóri Þingeyjarsveitar frá 2006 fram á mitt ár 2008.

Sigbjörn kvæntist Guðbjörgu Þorvaldsdóttur verslunarmanni árið 1972. Þau eiga, þrjár dætur og einn son, en fyrir átti hann einn son.

# Hjallastefnan rekur nýjan skóla án leyfa

**Skóli Hjallastefnunnar er starfræktur fyrir fimm og sex ára börn í íbúðarhúsi á Suðurgötu 14 þrátt fyrir að tilskilin leyfi vanti. Engin lokaúttekt hefur verið gerð á brunamálum í húsinu sem er úr timbri og yfir hundrað ára gamalt.**

**SKÓLAR** Hjallastefnan hefur hafið skólastarf í 103 ára gömlu timburhúsi á Suðurgötu þrátt fyrir að hafa hvorki útgefið byggingarleyfi fyrir nauðsynlegum breytingum né lokaúttekt vegna brunavarna.

„Það verður að skoða þetta í hendingskasti ef það er byrjað að kenna þarna,“ segir Bjarni Kjartansson, forstöðumaður forvarnasviðs Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, um skólastarfið á Suðurgötu 14. Bjarni segist hafa vitað af því að óskað væri eftir að reka skóla í húsinu en hafa talið að málinu væri ólokið hjá byggingarfulltrúa.

Margrét Pála Ólafsdóttir, skólastjóri Hjallastefnunnar, segir að þótt formleg leyfi séu enn ekki fengin vegna húsnæðisins hafi verið leitað upplýsinga hjá byggingarfulltrúa, Brunavarnaeftirliti, Heilbrigðiseftirliti og Vinnueftirliti til að tryggja að allar kröfur séu uppfylltar. Nú þegar hafi miðhæð hússins verið búin þannig úr garði að hún standist kröfur um brunavarnir, meðal annars með því að gipsklæða veggi og tryggja flóttaleiðir. Verið sé að útbúa þriðju hæðina á sama hátt. Þar séu börnin hins vegar ekki enn sem komið er enda séu aðeins 35 börn í skólanum sem fullbúnum sé ætlað að taka við allt að 80 börnum.

„Miðhæðin, þar sem við erum að vinna með börnunum, er algjörlega lögleg og við myndum ekki vilja starfa með öðru móti. Það er ekki búið að stimpla hæðina endanlega en það er búið að yfirfara hana algjörlega,“ segir Margrét Pála.



**SUÐURGATA 14** Börnin í skóla Hjallastefnunnar á Suðurgötu 14 una sér vel þótt húsnæðið uppfylli ekki formleg skilyrði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Miðhæðin, þar sem við erum að vinna með börnunum, er algjörlega lögleg og við myndum ekki vilja starfa með öðru móti.
>
> **MARGRÉT PÁLA ÓLAFSDÓTTIR** SKÓLASTJÓRI HJALLASTEFNUNNAR

Hjallastefnan hefur rekið grunnskóla í húsnæði leikskóla síns, Laufásborgar á Laufásvegi, frá 1. október. Ætlunin var að grunnskólastigið flyttist í sérstakt húsnæði næsta haust en Margrét Pála segir forsendur hafa breyst með lækkuðu leiguverði og því hafi Suðurgata 14 verið tekin á leigu í vetur. Hún ítrekar að á meðan húsnæðið á Suðurgötu 14 sé ekki fullfrágengið sé litið á það sem bækistöð þar sem starfsemin hafi inngrip jafnframt aðstöðunni á Laufásborg. „Við erum mest í því að nýta okkur spennandi staði í nálægð við Suðurgötuna og erum oft í vettvangsferðum og ekki á staðnum af því að það er ekki búið að stimpla öll leyfi,“ segir skólastjórinn.

Bjarni ítrekar að öll leyfi þurfi að vera í lagi áður en starfsemi hefjist. Byggingarfulltrúa beri að efna til lokaúttektar og kalla þá til fulltrúa forvarnasviðsins. „Þótt fólk fái einhverjar leiðbeiningar á ekki að hefja svona starfsemi fyrr en byggingarleyfi er komið.“ **gar@frettabladid.is**

Mikill missir á Selfossi:

# Fíkniefnahundurinn dauður

**LÖGGÆSLUMÁL Fíkniefnahundur lögreglunnar á Selfossi, Bea, er dauður.**

**Á laugardagskvöld veiktist Bea og var henni komið á dýraspítala þar sem henni hrakaði mjög. Allt var gert til að lækna hana en það bar ekki árangur og hún drapst um nóttina.**

**Bea varð fíkniefnahundur vorið 2007. Hún var mjög efnileg og reyndist mjög vel við fíkniefnaleit. Reynt verður að komast að því, með krufningu, hvað olli dauða hennar.**

**Ríkislögreglustjóri og Fangelsismálastofnun hafa heitið lögreglunni á Selfossi öllum mögulegum stuðningi til að brúa bilið þar til annar hundur fæst en það getur tekið allt að eitt ár. - jss**

Hummer-málið:

# Maðurinn enn í öndunarvél

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn sem ekið var á á Laugavegi í síðasta mánuði er enn í öndunarvél.

Ökumaðurinn, sem ók Hummerbíl, stakk af frá vettvangi, án þess að hjálpa hinum slasaða. Hann náðist skömmu síðar og játaði við yfirheyrslur að hafa ekið bílnum.

Lögreglan bíður nú meðal annars eftir niðurstöðum sýna sem send hafa verið til rannsóknar. Þar á meðal eru sýni sem leiða eiga í ljós hvort ökumaðurinn var undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. **- jss**

**SJÁVARÚTVEGUR**

**589 færri skip á fimm árum**

Íslenskum fiskiskipum fækkaði um 589 á fimm árum eða 43,5 prósent. Alls voru skráð fiskiskip 1.356 fiskveiðiárið 2003/2004 en 767 fiskveiðiárið 2007/2008.

Lífríki heimskautahafanna:

# Fjölbreytnin kom á óvart

**TAÍLAND, AP Heimskautahöfin eru ekki líffræðilegar eyðimerkur, eins og lengi hefur verið talið.**

**Samkvæmt nýrri rannsókn finnast 7.500 dýrategundir í Suður-Íshafinu og 5.500 í Norður-Íshafinu. Þar á meðal eru nokkur hundruð tegundir sem ekki var vitað að væru til.**

**„Við þurfum að endurskoða kennslubækurnar,“ segir Victoria Wadley, vísindamaður sem tók þátt í rannsóknarstarfinu.**

**Flestar lífverurnar eru þó af einfaldari gerðinni, hryggleysingjar voru algengastir. - gb**

S A F

DAGUR MENNTUNAR Í FERÐAÞJÓNUSTU

Ráðstefna á Grand Hóteli um mikilvægi fræðslu og símenntunar starfsfólks í ferðaþjónustu
19. febrúar kl.13:30-17:00.

Nánari upplýsingar, dagskrá og skráning á
WWW.SAF.IS

S A F

Stjórnvöld í Pakistan láta undan kröfum herskárra talibana í Swat-dalnum:

# Íslömskum lögum framfylgt

**PAKISTAN, AP** Ríkisstjórn Pakistans samþykkti að íslömsk sharía-lög verði látin gilda í stórum hluta norðvestanverðs landsins við landamæri Afganistans. Einnig samþykkti stjórnin að hætta árásum á uppreisnarmenn á svæðinu.

Í staðinn samþykktu talibanaleiðtogar í Swatdalnum vopnahlé, en þar hafa hörð átök geisað undanfarið. Búist er við að Bandaríkjastjórn gagnrýni samkomulagið á þeim forsendum, að þar með gefist talibönum tóm til að efla herstyrk sinn og beina honum til árása á erlenda herliðið í Afganistan. Í samkomulaginu segir ekkert um að uppreisnarsveitir þurfi að afvopnast.

Amir Haider Khan Hoti, ráðherra Norðvesturlandamærahéraðsins, segir að stjórnvöld muni nú framfylgja íslömskum lögum á Malakand-svæðinu, þar sem Swat-dalurinn er.

Dalurinn var áður fyrr sannkölluð ferðamannaparadís, en herskáir strangtrúarmenn hafa hreiðrað þar um sig með því að beita íbúana mikilli hörku. Meðal annars hefur fólk verið hálshöggvið, stúlknaskólar hafa verið brenndir og árásir hafa verið gerðar á öryggissveitir á vegum stjórnvalda.



**SAMNINGAFUNDUR Í PESHAWAR** Herskáir uppreisnarmenn og talibanar á fundi með fulltrúum stjórnvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Muslim Khan, talsmaður talibana, segir að vopnahlé gangi nú í gildi næstu tíu dagana. „Ef það skilar okkur í raun því að sharía-lögum verður að fullu framfylgt, þá munum við framfylgja vopnahléinu í einu og öllu.“ **- gb**

# Sparaðu meira í leiðinni

**Fáðu bestu kjörin sem við bjóðum og sparaðu tugi þúsunda.**

**Það er betra að spara með N1**

- √ -5 kr. af eldsneyti
- √ -15% af bílavörum
- √ -15% af þjónustu, viðgerðum ofl. ofl.
- √ Meira en 100 útsölustaðir um land allt

**Sæktu um núna á n1.is**




* Miðað við árlega eldsneytisnotkun fyrir nýlegan stóran fjölskyldubíl eða jeppling og annan algengan rekstrarkostnað.

| | | |
|---|---|---|
| **Eldsneyti** | | **-5kr. pr.l.** |
| | Kostnaður | 541.500 kr. |
| | Afsláttur | 11.250 kr. |
| | Punktar | 7.500 |
| **Dekk** | | |
| | Kostnaður | 60.000 kr. |
| | Afsláttur | 7.200 kr. |
| | Punktar | 1.800 |
| **Dekkjaskipti** | | |
| | Kostnaður | 16.000 kr. |
| | Afsláttur | 1.920 kr. |
| | Punktar | 480 |
| **Dekkjahótel** | | |
| | Kostnaður | 6.500 kr. |
| | Afsláttur | 780 kr. |
| | Punktar | 195 |
| **Smurþjónusta** | | |
| | Kostnaður | 30.000 kr. |
| | Afsláttur | 3.600 kr. |
| | Punktar | 900 |
| **Bón og þrifavörur** | | |
| | Kostnaður | 7.000 kr. |
| | Afsláttur | 840 kr. |
| | Punktar | 210 |
| **Bílaþvottur** | | |
| | Kostnaður | 15.000 kr. |
| | Afsláttur | 1.800 kr. |
| | Punktar | 450 |
| **Rúðuþurrkur og rúðuvökvi** | | |
| | Kostnaður | 12.000 kr. |
| | Afsláttur | 1.440 kr. |
| | Punktar | 360 |
| **Smávarahlutir** | | |
| | Kostnaður | 11.000 kr. |
| | Afsláttur | 1.320 kr. |
| | Punktar | 330 |
| **Verkfæri** | | |
| | Kostnaður | 10.000 kr. |
| | Afsláttur | 1.200 kr. |
| | Punktar | 300 |
| **Rekstrarvörur, fatnaður ofl.** | | |
| | Kostnaður | 7.000 kr. |
| | Afsláttur | 840 kr. |
| | Punktar | 210 |
| **Ferða- og útivistarvörur** | | |
| | Kostnaður | 10.000 kr. |
| | Afsláttur | 1.200 kr. |
| | Punktar | 300 |
| **Ýmislegt** | | |
| | Kostnaður | 7.000 kr. |
| | Afsláttur | 840 kr. |
| | Punktar | 210 |

**Sparnaður 47.475 kr.**

| | |
|---|---|
| **Kostnaður** | **733.000 kr.** |
| **Afsláttur** | **34.230kr.** |
| **Punktar** | **13.245** |

**1 punktur = 1 króna**

Safnkortspunktar eru jafngildur gjaldmiðill og krónur, í öllum viðskiptum hjá N1. Með mánaðarlegum tilboðum er hægt að margfalda gildi punktanna.

**SÍMI 440 1000**
**WWW.N1.IS**

**Meiri sparnaður í leiðinni**

## GENGIÐ 16.2.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,83 | 115,37 |
| Sterlingspund | 163,73 | 164,53 |
| Evra | 146,51 | 147,33 |
| Dönsk króna | 19,655 | 19,771 |
| Norsk króna | 16,616 | 16,714 |
| Sænsk króna | 13,447 | 13,525 |
| Japanskt jen | 1,2503 | 1,2577 |
| SDR | 170,37 | 171,39 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
181,5998

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Áburðarverð hækkar milli ára og hefur hækkað um 150 prósent á þremur árum:

# Rekstrarvandi bænda stóreykst

**LANDBÚNAÐUR** „Það er stóralvarlegt hvað þetta er orðinn þungur baggi og eykur allan rekstrarvanda fyrir bændur," segir Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, en verð á algengum tegundum áburðar hækkar um 45 til 55 prósent milli ára, samkvæmt nýjum verðlista Fóðurblöndunnar. Vefur Bændablaðsins greindi frá þessu á sunnudag. Sem dæmi er nefnt að eitt tonn af Magna 1 hafi kostað 38.500 krónur í fyrra en kosti nú 59.800. Hækkunin milli ára sé því 55,3 prósent.

Haraldur segir hækkunina í ár bætast við 80 prósenta hækkun í fyrra og um 15 prósenta hækkun



**HARALDUR BENEDIKTSSON** Formaður Bændasamtakanna segir verðhækkun áburðar skila sér í minni framleiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/ TEITUR

árið áður. „Þetta er orðið um 150 til 160 prósenta hækkun á þremur árum," segir Haraldur. „Mörg bú þurfa að spá í framtíð sína og hvernig þau ætla að nota áburð. Ég heyri í mörgum bændum segjast verða kaupa eins og þeir geta af áburði en ekki eins og þeir þurfa. Það hlýtur á endanum að þýða minni afurðir og minni framleiðslu. Fóðrið verður líka verra sem þýðir líka minni afurðir."

Haraldur segir að málið verði rætt á fundi Bændasamtakanna og landbúnaðarnefndar Alþingis á fimmtudag um þá stöðu sem komin er upp í landbúnaði. „Þar munum við fyrst og fremst leggja áherslu á að bændum verði tryggt rekstrarfé til að greiðsluflæði búanna stoppi ekki. Þetta er stóralvarleg staða sem við stöndum frammi fyrir." **- bs**

Sóttvarnalæknir:

# Enn er niðurgangsfaraldur

**HEILBRIGÐISMÁL** Niðurgangspestir af völdum nóróveirunnar illræmdu eru enn í gangi, að sögn Haraldar Briem sóttvarnalæknis hjá Landlæknisembættinu.

„Þessar nóróveirusýkingar hafa verið í gangi í allan vetur og valdið usla," segir Haraldur. „Þeim fylgja uppköst, magaverkir og niðurgangur."

Haraldur kveðst vonast til að faraldrinum fari að linna.

„En þetta er orðin landlæg plága," bætir hann við. „Hún sveiflast til eftir árstíðum, fer niður á sumrin en færist í aukana á veturna. Það fer minna fyrir sýkingum á sumrin en að vetrarlagi." **- jss**

Traust á stjórnmálamönnum:

# Jóhanna nýtur mests trausts

**SKOÐANAKÖNNUN** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra nýtur mests trausts allra íslenskra



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

stjórnmálamanna, samkvæmt nýrri könnun Markaðs- og miðlarannsókna (MMR). Þriðjungur svarenda ber mikið traust til Ólafs Ragnars Grímssonar forseta Íslands.

Tæplega 60 prósent sögðust bera mikið traust til Jóhönnu en Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra kom einnig vel út ásamt Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra, Rögnu Árnadóttur dómsmálaráðherra og Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra.

Þeir Davíð Oddsson seðlabankastjóri og Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, eru neðstir á traustslista MMR. **- shá**

Rætt um Tónlistarhús:

# Enginn aukafundur í dag

**BORGARMÁL Ekki verður kallað til aukafundar í dag í borgarráði eins og búist hafði verið við vegna málefna Tónlistarhússins.**

**„Það hafði aldrei verið tekin nein ákvörðun um aukafund, þetta verður bara tekið fyrir á hefðbundnum borgarráðsfundi á fimmtudag," segir Óskar Bergsson, formaður borgarráðs. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hefur sagt í Fréttablaðinu að þegar borgarráð hafi afgreitt málið af sinni hálfu muni ríki og borg gefa sameiginlega yfirlýsingu um hvort og þá hvenær framkvæmdir hefjast að nýju við Tónlistarhúsið.** **- jse**

# Horft eftir gulldeplu og vonast eftir loðnu

**Vonast er til þess að önnur loðnuganga nálgist miðin annars verður engin loðnuvertíð. Slíkt gerðist í fyrra þegar síðbúin ganga bjargaði vertíðinni. Veiðst hafa um 30 þúsund tonn af gulldeplu sem nú er að hverfa af miðum.**

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það er ekki öll nótt úti enn," segir Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri HB Granda, en hann bíður eins og fleiri og vonast eftir því að önnur loðnuganga finnist hér við land.

Hafrannsóknastofnun telur að um 385 þúsund tonn séu við landið en venjan er að heimila veiðar á jafnmikilli loðnu og til er umfram 400 þúsund tonna hrygningarstofn.

Til að bæta gráu ofan á svart virðist gulldeplan sem veiðst hefur við landið undanfarið horfin af miðum. „Við vorum einmitt að slá rannsóknarleiðangri á frest sem fyrirhugaður var í fyrramálið [í dag]," segir Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri Nytjastofnasviðs hjá Hafró. „Ástæðurnar eru tvær, annars vegar er bræluspá og hins vegar eru þeir sem eru úti á veiðum núna komnir mjög sunnarlega og þeim finnst ástandið vera þannig að þeir eru að spá í að hætta þessu. Segja að hún sé orðin svo dreifð og erfið." Þessi leiðangur hefði orðið sá fyrsti sem gerður er vegna gulldeplunnar. Um 30 þúsund tonn hafa veiðst af henni í vetur en sumir segja það óráðlegar veiðar þar sem verið sé að taka mikilvægt æti af mikilvægum fisktegundum sem hafa ekki úr of miklu að moða sérstaklega þegar loðnan lætur sig vanta.

„Það þarf að rannsaka gulldepluna betur," segir Þorsteinn. „Hún sést í mögum annarra fisktegunda, það er þó svo afskaplega lítið að við teljum ekki að hún sé uppistaðan í fæðu hjá einhverjum ákveðnum tegundum."

Eggert Benedikt segir enn



**GOTT KAST HJÁ KAP** Þessi mynd er tekin á síðustu loðnuvertíð sem var köflótt en það er þó betri vertíð en engin, sem gæti orðið raunin í ár. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

## HEIMILAÐUR LOÐNUKVÓTI

Í þúsundum tonna




### Dyntóttur fiskur

Sjávarútvegsráðherra bannaði loðnuveiðar 21. febrúar 2008 eftir að lítið hafði til hennar sést á miðunum.

27. febrúar voru þær heimilaðar að nýju þegar ný ganga fannst við Suðurland.

Í ár hefur verið gefinn út 15 þúsund tonna rannsóknarkvóti. Loðnan mælist um 385 þúsund tonn sem er of lítið magn til að gefa út veiðikvóta.

fremur að svo mikið sé til af gulldeplunni að þessar veiðar ættu ekki að skaða fæðukeðjuna.

Bæði Eggert og rannsóknarmenn hjá Hafró vonast til að svipað verði uppi á teningnum og í fyrra en þá kom loðnuganga flestum að óvörum síðla í febrúar eftir að búið var að blása loðnuvertíð af.

**jse@frettabladid.is**

Fjárhagsvandi lögreglunnar:

# Ráðherra vill styrkja lögreglu

**LÖGGÆSLUMÁL „Dómsmálaráðuneytið mun leitast við að styrkja lögregluna á höfuðborgarsvæðinu með öllum tiltækum ráðum."**

**Þetta segir Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra um fjárhagsvanda lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.**



**RAGNA ÁRNADÓTTIR**

**Fréttablaðið greindi frá því fyrr í vikunni að tuttugu lögreglumenn með skammtímaráðningu myndu láta af störfum um mánaðamót, að óbreyttu. Þá greindi Stefán Eiríksson lögreglustjóri frá því að gera mætti ráð fyrir allt að 50 milljóna króna aukakostnaði hjá embættinu í desember og janúar vegna mótmælanna.** **- jss**

Fyrrum félagsmálaráðherra:

# Brottrekstur ræddur í stjórn

**ALÞINGI** „Er það eðlilegt að hafa sem trúnaðarmann aðstoðarmann fyrrverandi ráðherra?" spurði Jóhanna Sigurðardóttir á Alþingi í gær í svari við óundirbúinni fyrirspurn Ólafar Nordal, þingkonu Sjálfstæðisflokks, um mál Sigurjóns Arnar Þórssonar, sem vikið var úr starfi sem formaður nefndar um málefni fatlaðra. Ríkið var á síðasta ári dæmt bótaskylt vegna þeirrar brottvikningar. Sigurjón er fyrrverandi aðstoðarmaður Árna Magnússonar. Jóhanna sagði jafnframt að hún hefði rétt þessa brottvikningu innan ríkisstjórnarinnar.

Ólöf Nordal sagði svar Jóhönnu sérkennilegt. „Forsætisráðherra verður að viðurkenna að ekki var rétt að málum staðið." **- ss**




MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Er barn á heimilinu?

LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!

Börn eru oft viðkvæmari fyrir hinni síauknu streitu í þjóðfélaginu en hinir fullorðnu. Ónæmiskerfi nútímabarna verður líka fyrir miklu áreiti, þau fara víðar og umgangast fleiri en börn fyrri tíma. Veittu barninu þínu liðsstyrk með LGG+. Það er bragðgott og stuðlar að vellíðan.


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**KÓLNAR Á FIMMTUDAG**

Þau eru mild kortin þessa dagana. Síðdegis á morgun fer þó heldur að kólna á ný og á fimmtudag frystir að líkindum norðan- og austanlands. Almennt má segja að vætusamt verði sunnan til og vestan en yfirleitt úrkomulaust austan til á Norðurlandi og austan til. Á föstudag má búast við stöku éljum við norðurströndina, annars þurrt.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Amsterdam | 5° |
| Basel | 6° |
| Berlín | 0° |
| Billund | -1° |
| Eindhoven | 5° |
| Frankfurt | 4° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | -2° |
| Kaupmannahöfn | 0° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 8° |
| New York | 3° |
| Orlando | 21° |
| Ósló | -7° |
| París | 9° |
| Róm | 11° |
| Stokkhólmur | -3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Með bílinn handa þér



# LÆKKUN Á LÍNUNA

ALLIR NÝIR HYUNDAI BÍLAR Á EINSTÖKUM KJÖRUM
Í TAKMARKAÐAN TÍMA. HÉR ERU NOKKUR VERÐDÆMI:

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA
BÍLL ÁRSINS 2007



**Hyundai i10**
5 dyra, bensín og beinskiptur.
Áður kr. **1.880.000**
**1.390.000***

**Hyundai i30**
5 dyra, bensín og beinskiptur.
Áður kr. **2.960.000**
**2.290.000***

**Hyundai Tucson**
5 dyra, bensín og beinskiptur.
Áður kr. **3.810.000**
4x4
**2.760.000***

**Hyundai Santa Fe**
5 dyra, bensín og sjálfskiptur.
Áður kr. **5.300.000**
4x4
**3.780.000***

**GÓÐ KAUP**
**HYUNDAI bílar bila minna en flestir aðrir bílar****

HYUNDAI
www.hyundai.is

B&L - Grjótháls 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is
Keflavík s: 421 4444 - Selfoss s: 575 1460 - Akranes s: 431 2622 - Akureyri s: 461 2533 - Egilsstaðir s: 471 2524

* Þetta verð miðast við að gengi evru sé 145 kr. og breytist með gengi evrunnar. B&L áskilur sér rétt til verð- og búnaðarbreytinga án fyrirvara. Verð bílanna á myndunum getur breyst í samræmi við útbúnað. **Hringdu til okkar og fáðu nánari upplýsingar um þessa fullyrðingu

## KJÖRKASSINN



*Á Jón Baldvin Hannibalsson að verða formaður Samfylkingarinnar?*

| | |
|---|---|
| Já | 29,7% |
| Nei | 70,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að flytja af landi brott vegna kreppunnar?*

Segðu skoðun þína á Visir.is

vísir

Umboðsmaður Alþingis um forstjóra Tryggingastofnunar:

# Forstjórinn braut á rétti læknis

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður Alþingis hefur komist að þeirri niðurstöðu að þáverandi forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins (TR) hafi brotið gegn rétti svæfingalæknis með því að tjá sig um meinta sekt hans í tryggingasvikamáli. Læknirinn var síðar sýknaður í málinu.

TR hafði kært lækninn fyrir tugmilljóna þjófnað. Eftir að héraðsdómur sýknaði hann tjáði Karl Steinar Guðnason, þá forstjóri TR, sig um málið í fjölmiðlum. Sagði hann niðurstöðuna hlægilega og hann tryði ekki öðru en að málið ynnist í Hæstarétti.

Þegar fréttamaður spurði hann hvort skapast hefði einkennileg staða hjá stofnuninni vegna málsins svaraði hann: „Ja, hvernig er það á vinnustað ef einstaklingur stelur tug eða tugum milljóna? Á að dæma viðkomandi til þess að vera áfram í starfi bara? Þó að viðkomandi vilji láta hann fara?“

Læknirinn kvartaði yfir ummælunum til umboðsmanns og taldi forstjórann brjóta með þeim á rétti sínum – hann hefði enda verið fundinn saklaus í málinu fyrir dómi.

Umboðsmaður féllst á rök læknisins og segir ummæli Karls Steinars ekki samræmast reglum. Hann segir það dómstóla að ákveða hvort stofnunin sé mögulega skaðabótaskyld vegna málsins. **- sh**




**TRYGGINGASTOFNUN** Karl Steinar var á þessum tíma forstjóri TR.
FRÉTTABLAÐIÐ / PJETUR

Sjúkratryggingar:

# Lyf hækkuðu um 32 prósent

**HEILBRIGÐISMÁL** Lyfjakostnaður sjúkratrygginga nam 9.287 milljónum króna árið 2008 og hafði kostnaðurinn aukist um 2.233 milljónir frá fyrra ári. Það samsvarar 32 prósenta aukningu. Helsta ástæðan fyrir þessari hækkun er fall íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

Kostnaður hefur aukist mest vegna lyfja við sársjúkdómi og maga- og vélindisbakflæði, eða um 203 milljónir. Kostnaður vegna magalyfsins Nexium nam 554 milljónum árið 2008 sem er aukning um 129 milljónir frá fyrra ári. **- shá**






# Aðstoðarbankastjóra kannski bætt í ný lög

**Nær öruggt er að gerðar verði breytingar á seðlabankafrumvarpinu, sem óvíst er hvort afgreitt verður úr nefnd í dag. Geir Haarde sakaði forsætisráðherra um að ljúga og leyna gögnum frá AGS á þingi í gær. Tölvupóstsamskipti hrekja það.**

**ALÞINGI** Viðbúið er að frumvarpið um breytingar á yfirstjórn Seðlabankans taki breytingum frá því sem nú er áður en það verður sent úr viðskiptanefnd Alþingis til annarar umræðu. Meðal annars er rætt um að koma á aðstoðarbankastjóra fyrir þann eina bankastjóra sem kveðið er á um í frumvarpinu. Ekki er víst að það verður afgreitt í dag eins og hugur formanns nefndarinnar stóð til.

Seðlabankanum hafði verið veittur frestur til að skila umsögn um frumvarpið til gærdagsins og bjuggust nefndarmenn við því í gær að sá frestur yrði virtur. Bankastjórar Seðlabankans, þeir Davíð Oddsson og Eiríkur Guðnason, voru í gær boðaðir á fund nefndarinnar í dag til að svara fyrirspurnum um umsögn bankans.

Fjöldi hagfræðinga og annarra sérfræðinga kom fyrir nefndina í gær. Þeir gera allir athugasemdir við frumvarpið eins og það lítur út, en athugasemdirnar eru af ólíkum toga og ganga mislangt.

Ein athugasemdin lýtur að hæfniskröfum til seðlabankastjóra, sem almenn samstaða mun vera um innan nefndarinnar að breyta, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir meistaragráðu í hagfræði.

Þá hafa verið gerðar töluverðar athugasemdir við skipulag peningastefnunefndar og skipunartíma bankastjóranna. Meðal annars hefur verið rætt um að breyta honum úr sjö árum í fimm.

Birgir Ármannsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í viðskiptanefnd, segist ekki trúa því að unnt verði að afgreiða frumvarpið úr nefndinni í dag eins og til stóð. Til þess sé málið ekki nægilega þroskað. Hann vísar jafnframt á bug ásökunum stjórnarliða þess efnis að sjálfstæðismenn vilji tefja málið. Það að þeir hafi verið tilbúnir til að mæta á aukafundi í nefndinni vitni um annað.

Álfheiður Ingadóttir, formaður nefndarinnar, vill ekki segja til um það hvenær nefndin afgreiðir frumvarpið. Það vill Lúðvík Bergvinsson, fulltrúi Samfylkingarinnar, ekki fullyrða um heldur, en segir það þó hugsanlega geta orðið á miðvikudag. **stigur@frettabladid.is**




**SEÐLABANKINN** Davíð Oddsson og Eiríkur Guðnason hafa verið kallaðir fyrir viðskiptanefnd í dag. Þeir munu sitja í Seðlabankanum þar til ný lög um bankann taka gildi.

## SJÁLFSTÆÐISMENN TORTYGGJA JÓHÖNNU

Birgir Ármannsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í viðskiptanefnd, hefur sent Jóhönnu Sigurðardóttur bréf þar sem hann óskar eftir upplýsingum um samskipti forsætisráðuneytisins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn vegna seðlabankafrumvarpsins.

Birgir segir í bréfinu að treglega hafi gengið að fá upplýsingar um þessi samskipti á vettvangi viðskiptanefndar og að fullyrðingar í málinu virðist að einhverju leyti stangast á.

„Mér hefur þótt vera mikil tilefnislaus leynd og pukur í sambandi við þetta mál – sérstaklega hvað varðar samskiptin við AGS. Mér finnst nauðsynlegt að ákveðnir þættir þar skýrist,“ segir Birgir, aðspurður um tilgang upplýsingaleitarinnar.

Í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi í gær spurði svo Geir H. Haarde eftirmann sinn á forsætisráðherrastóli um sama mál – hver væri ástæða leyndarinnar á fyrsta bréfinu frá AGS og hvort ekki stæði til að opinbera þær ábendingar. Hann hefði sent AGS fyrirspurn um málið og svar sjóðsins hefði verið á þá leið að ákvörðunin um trúnað hefði verið íslenskra stjórnvalda.

Forsætisráðuneytið sendi fjölmiðlum afrit af samskiptum sínum við AGS í gær. Þar virðist koma skýrt fram að AGS hafi krafist þess, skilyrðislaust, að efni fyrstu ábendinganna væri algert trúnaðarmál.











Einstakur atburður í Héraðsdómi Vesturlands:

# Kona handtekin í dómsal

**DÓMSMÁL** Kalla þurfti til lögreglu í dómsal Héraðsdóms Vesturlands nýverið, til að handtaka sakborning sem veittist að dóttur sinni þar. Um var að ræða konu sem áður hafði verið ákærð fyrir að reyna að stinga sambýlismann sinn með flökunarhnífi, þannig að hann hlaut áverka í andliti og á handlegg. Konan var dæmd í átján mánaða fangelsi. Þar af voru fimmtán skilorðsbundnir.

Maðurinn og konan höfðu verið í sambúð og eignast eina dóttur 1994. Þau slitu fljótlega samvistir eftir fæðingu barnsins sem ólst upp hjá móður sinni.

Maðurinn var að sækja dóttur sína til vinkonu hennar en þar var fyrrverandi sambýliskonan fyrir. Hún lagði til mannsins með flökunarhnífnum með fyrrgreindum afleiðingum.

Við yfirheyrslur bar konan að maðurinn hefði ætlað að sækja dóttur þeirra án síns leyfis og því hefði hún ákveðið að nota hnífinn.

Þegar langt var liðið á aðalmeðferð málsins stóð til að leiða dóttur konunnar fyrir dóminn til skýrslugjafar. Lögum samkvæmt átti hún rétt á að skorast undan því, sem hún og gerði. Þá veittist konan að henni, svo handtaka varð þá fyrrnefndu. Sérfræðingar mátu hana sakhæfa.



**DÓMSALUR** Fátítt er að handtaka þurfi sakborning sem er fyrir dómi.

# Lokadagar
## ÚTSÖLUNNAR
## Fjöldi frábærra tilboða


skovby
Excellent Dining Rooms
Mikið úrval af borðstofusettum


Nabucco Borðstofusett


Mikið úrval af vönduðum hornsófum


Streza sjónvarpssófar sem hægt er að halla og eru með skemlum


Corrine
Mikið úrval af vönduðum sófasettum


Julia
Mikið úrval af vönduðum sófasettum 3+1+1



Mikið úrval af vönduðum sófum og sófasettum frá **Italsofa** *The Italian touch*

**Vandaður slökunarstóll**
með skemli og sterku áklæði eða leðri - Margir litir



**Vandaður slökunarstóll**
Með lyftu sem lyftir þér uppúr stólnum. Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar.
Með innbyggðum skemmli.



**Vandaður stóll**
Afar vandaður og sérlega þægilegur stakur stóll frá Italsofa með snúningi.



Opið virka daga kl. 10-18
**Laugardaga kl. 11-16**

**www.valhusgogn.is**
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!

**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hverjir urðu bikarmeistarar í körfuknattleik á sunnudag?*

2 *Hvað er Orator, félag laganema, gamalt?*

3 *Hvað eru margir kettir skráðir á sýninguna Kynjakettir?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Friðarviðræður torveldaðar með stækkun landtökusvæðis á Vesturbakkanum:

# Ísraelar sýna litinn friðarvilja

**ÍSRAEL, AP** Ísraelsk stjórnvöld hafa lagt undir sig stórt landsvæði skammt frá Efrat, einu af stærstu landtökusvæðum gyðinga á Vesturbakkanum. Allt að 2.500 íbúðir gætu risið á þessu svæði.

Með þessu leggja Ísraelar enn einn stein í götu hinna erfiðu friðarviðræðna við Palestínumenn.

Ísraelsk stjórnvöld hafa hvað eftir annað lofað því að stöðva útþenslu landtökusvæða á herteknu svæðunum, en hver ríkisstjórn landsins á fætur annarri hefur svikið þau loforð.

Benjamin Netanyahu, leiðtogi Likudflokksins sem líkur eru á að verði næsti forsætisráðherra Ísraels, hefur lengi verið fylgjandi frekara landnámi á svæðum Palestínumanna.

Nærri 290 þúsund Ísraelar búa á landtökusvæðum á Vesturbakkanum, og hefur þeim fjölgað um 95 þúsund síðan 2001 þegar Bandaríkjamenn kröfðust þess fyrst að fjölgun á þessum svæðum yrði stöðvuð.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**BENJAMIN NETANYAHU** Líklegur arftaki Ehuds Olmert forsætisráðherra hefur lengi verið fylgjandi frekar landtöku.

Í Efrat, sem er fyrir sunnan Jerúsalem, búa 1.600 fjölskyldur, en stefnt er að því að fjölga íbúum þar í þrjátíu þúsund, að því er Oded Revivi, bæjarstjóri í Efrat, heldur fram. **- gb**

Handtaka á Ísafirði:

# Eggvopn á lofti í samkvæmi

**LÖGREGLUMÁL Til átaka kom í heimahúsi á Ísafirði um helgina, þar sem eggvopni var beitt. Það var aðfaranótt sunnudagsins sem maður var handtekinn þar sem hann var gestkomandi í heimahúsi á Ísafirði.**

**Lögregla mætti á staðinn eftir að tilkynning barst fjarskiptamiðstöð um að átök með eggvopni hefðu átt sér stað. Árásarmaðurinn meinti var í haldi lögreglunnar til sunnudagskvölds en var sleppt að loknum yfirheyrslum yfir honum og vitnum. Ekki munu hafa orðið alvarleg meiðsl í átökunum en menn voru með einhverja áverka eftir þau. - jss**

Bæjarstjóri Vestmannaeyja:

# Elliði ætlar ekki í formanninn

**STJÓRNMÁL** „Við erum nú svo blessunarleg í Sjálfstæðisflokknum að við eigum nóg af góðu fólki til að leiða flokkinn. Ég treysti öðru fólki vel til þess og mun því ekki bjóða mig fram til formanns flokksins,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.



**ELLIÐI VIGNISSON**

Elliði segir marga hafa komið að máli við sig í slíkum hugleiðingum. „Það er greinilegt að mikill hugur er í sjálfstæðismönnum og þegar svo er fer síminn af stað hjá mér og mörgum öðrum. Þessi nöfn sem nefnd hafa verið falla mér svo vel í geð að mér sýnist að jafnvel verði erfitt fyrir mig að gera upp hug minn um hvern ég muni styðja,“ segir Elliði. **- kg**

**BRETLAND-KÍNA**

**Skókastara fyrirgefið**

Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína, hefur beðið yfirvöld í Cambridge-háskóla á Englandi um að náða nema úr skólanum, sem kastaði skó að honum er hann flutti fyrirlestur við skólann fyrr í mánuðinum. Atvikið olli mikilli reiði meðal stjórnvalda og almennings í Kína, sem álitu það aðför að þjóðarvirðingu Kínverja.

**PRÓFKJÖR**

**VINSTRI GRÆN**



Auður Lilja Erlingsdóttir sækist eftir öðru til þriðja sæti í forvali Vinstri grænna í Reykjavíkurkjördæmunum tveimur.

**FRAMSÓKNARFLOKKUR**

Björg Reehaug Jensdóttir gefur kost á sér í 2. til 3. sæti á lista Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi.



**SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR**



Vilhjálmur Árnason gefur kost á sér í 3. til 4. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi.

**VINSTRI GRÆN**

Davíð Stefánsson ækist eftir 2. til 3. sæti í forvali Vinstri grænna í Reykjavíkurkjördæmunum tveimur.





**AÐDÁENDUR FORSETANS FAGNA** Í hópi mannfjöldans sem fagnaði á sunnudagskvöld var þessi maður, sem hélt á lofti mynd af sjálfstæðishetjunni Simon Bolivar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Chavez fær að bjóða sig fram til æviloka

**Venesúelabúar samþykktu stjórnarskrárbreytingu í kosningum á sunnudag. Chavez boðar frekari þjóðfélagsbreytingar í átt til sósíalisma. Almenningur fagnar en gagnrýnendur óttast að áratugalangur einræðistími sé að hefjast.**

**VENESÚELA, AP** Hugo Chavez, forseti Venesúela, segir sigur sinn í þjóðaratkvæðagreiðslu um helgina vera sigur sósíalisma og byltingar. Nú fái hann nægan tíma til að koma á víðtækum þjóðfélagsbreytingum í landinu.

Íbúar landsins samþykktu breytingu á stjórnarskrá, sem afnemur öll takmörk á því hve oft forseti landsins og aðrir kjörnir fulltrúar þjóðarinnar mega bjóða sig fram í kosningum.

Þúsundir ákafra stuðningsmanna forsetans komu saman til að fagna úrslitunum fyrir utan forsetahöllina í höfuðborginni Caracas. Flugeldum var skotið á loft og einn maður gekk um með málverk af forsetanum sem á var skrifað: „Að eilífu“.

Ekki voru þó allir jafn hrifnir. Margir óttast að Chavez vilji ekki bara lengri valdatíma heldur einnig meiri völd, og áratuga langt einræðistímabil hans sé að hefjast.

„Þetta fólk gerir sér enga grein fyrir því hvað það hefur gert,“ sagði Josefa Dugartes, kona sem horfði á mannfjöldann út um gluggann á blokkaríbúð sinni.

Þegar 94 prósent atkvæða höfðu verið talin, hafði stjórnarskrárbreytingin verið samþykkt með 54 prósentum atkvæða gegn 46 prósentum. Munurinn var of mikill til að framhald talningarinnar gæti breytt þar nokkru. Kosningaþátttakan nam 67 prósentum.

„Árið 2012 verða forsetakosningar, og taki guð ekki aðra ákvörðun, og taki fólkið ekki aðra ákvörðun, þá er þessi hermaður strax kominn í framboð,“ sagði Chavez þegar úrslitin voru orðin ljós.

Hann var fyrst kosinn forseti árið 1998 og hefur sjálfur sagt að hugsanlega verði hann við völd allt til ársins 2049, þegar hann verður 95 ára.

Ekki er þó víst að Chavez geti treyst því að fá atkvæði almennings alla tíð. Alþjóðlega kreppan og verðfall á olíu, sem gjaldeyristekjur Venesúela eru nánast alfarið byggðar á, gerir það að verkum að Chavez á erfitt með að ausa áfram úr ríkissjóði til að skapa sér vinsældir.

Komi kreppan harkalega niður á landsmönnum gætu vinsældir forsetans verið fljótar að fjúka.

Hann hefur engu að síður tryggt sér töluverð áhrif á dómstóla landsins, löggjafarþingið og kjörstjórn, þannig að ekki er víst að kjósendur ættu svo auðvelt með að koma honum frá völdum, ef á reynir.

**gudsteinn@frettabladid.is**


# Gorenje þvottavél




PIPAR • SÍA • 90265

| | |
|---|---|
| A | Orkunýtni |
| A | Þvottahæfni |

1200 snúninga þvottavél

WA50120

Einföld, hljóðlát þvottavél og góð þvottavél með íslenskum leiðavísi.

Tilboð **86.900**

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011 · Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020

Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800 · Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200


Frumvarp um breytingar á lögum um gjaldþrot:

# Mikilvægt að vanda til verka

**ALÞINGI** „Það skiptir miklu máli að greiðsluaðlögun nái til veðlána líka,“ segir Árni Páll Árnason, formaður allsherjarnefndar sem hefur nú til meðferðar þrjú frumvörp um greiðsluaðlögun og breytingar á lögum um gjaldþrot einstaklinga. Árni Páll segir að unnið verði áfram í málinu á næsta fundi nefndarinnar á morgun. Þá muni skýrast hvernig málið kemur úr nefnd.

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, segir að efasemdir hafi borist nefndinni, sérstaklega frá bönkum og lífeyrissjóðum. „Við höfum ekki sagt að við leggjumst gegn frumvarpinu, við viljum bara vanda til verka. Ef stigið er af sporinu getur það reynst dýrt fyrir bankana og lífeyrissjóðina.“



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON** Vill að greiðsluaðlögun nái einnig til veðlána.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Meðal þeirra sem lagt hafa fram athugasemdir um breytingar á lögum um gjaldþrot og greiðsluaðlögun eru Neytendasamtökin. „Við erum að sjálfsögðu mjög ánægð með að þetta frumvarp er komið á þetta stig,“ segir Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögmaður Neytendasamtakanna. Samtökin hafi þó viljað sjá sérlög um greiðsluaðlögun. Einnig bendir Hildigunnur á að sum efnisákvæði komi einungis fram í greinargerð með frumvarpinu, en ættu að vera skýr í lagatextanum.

„Lögin þurfa að vera vel gerð því þau verða mikið nýtt,“ segir Hildigunnur. **- ss**



**Fengu báðir draumastarfið að námi loknu!**

*"MCSA (nú MCITP) námið hjá NTV veitti okkur það forskot sem við þurftum til að fá vinnu í þessum geira og tryggði okkur í sessi þar. Skólinn kom okkur verulega á óvart með góðum kennurum og sérfræðinámi í fremsu röð."*

[ Davíð Jón Sigurðsson - Kerfisstjóri ] [ Pétur Björn Heimisson - Kerfisstjóri ]

# NÁM SEM GEFUR ÞÉR MÖGULEIKA Á STARFI HÉRLENDIS OG ERLENDIS

**Dæmi um afsláttarkjör fyrir skráða atvinnulausa**

| | |
|---|---|
| Námskeiðsverð | 349.000 |
| 25% afsláttur NTV | -87.250 |
| Styrkur Vinnumálastofnunar* | -70.000 |
| Til greiðslu | 191.750 |
| Eða á mánuði í 12 mánuði | 16.709 |
| Styrkur frá þínu verkalýðsfélagi | - ??? |

* Þarf að sækja um hjá ráðgjafa vinnumálastofnunnar

## *MCITP - Netstjórnun* *(áður MCSA)*

*216 stundir - Verð: 349.000.- Einingar til stúdentprófs: 8*

MCITP námið er fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa. Markmiðið með náminu er að nemendur læri undirstöðuatriði við rekstur og hönnun netkerfa byggðum á Windows 2008 server stýrikerfinu og geti að náminu loknu sinnt öllum þeim hlutverkum sem þarf við rekstur tölvukerfis.

Þetta er nýjasta gráðan frá Microsoft og er arftaki MCSA prófgráðunnar. Gráðan er ein sú sterkasta sem í boði er á alþjóðavísu og er oft ein helsta krafan sem gerð er til umsækjenda um stöður á þessu sviði.

Þetta nám er undirbúningur fyrir þau 4 próf sem þarf til að öðlast MCITP gráðuna sem gefur starfstitilinn: ***Microsoft Certified Server Administrator.***

Prófin eru öll innifalin í verði námskeiðsins. Kennslan fer fram í formi fyrirlestra, verkefnavinnu og mikið er um verklegar æfingar.

**Inntökuskilyrði:** Þeir sem hyggja á þetta nám þurfa að hafa einhvern skilning á Windows umhverfinu, og kunna deili á helstu innviðum PC tölvunnar. Góð enskukunnátta er nauðsynleg þar sem allt kennsluefni er á ensku.

Velkomið er að leita til NTV varðandi námsráðgjöf.



*Kennari námskeiðsins, Karl Gunnar Jónsson er háskólamenntaður tölvunarfræðingur með 9 alþjóðlegar prófgráður og mikla reynslu af rekstri tölvukerfa úr atvinnulífinu.*

**Morgunnámskeið:**
Hefst: 3. mars 2009 - Lýkur: 26. maí 2009
Kennslutími: 9:00 til 12:30 fjóra daga í viku - þriðjudaga til föstudaga

**Eftirmiðdagsnámskeið:**
Hefst: 2. mars 2009 - Lýkur: 25. maí 2009
Kennslutími: 13:00 til 16:30 fjóra daga í viku - mánudaga til fimmtudaga

Microsoft Certified Partner | Learning Solutions · ECDL · Pearson VUE Authorized Test Center · Prometric

Upplýsingar og skráning: **544 4500 / www.ntv.is**

**NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN** - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

**ntv**



**SÁ MINNSTI** He Ping Ping er sagður minnsti maður í heimi, aðeins 74 sentimetrar á hæð og tvítugur að aldri. Hann er kínverskur, en þarna sést hann í Tókíó með skó af stærsta manni heims. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skátahreyfingin hvetur landsmenn til að láta gott af sér leiða og gera góðverk:

# Góðverk geta verið lítil og stór

**SAMFÉLAGSMÁL** „Vellíðanin sem hlýst af því að gera góðverk, lítið eða stórt, er ríkulegasta umbunin,“ segir Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs skátahreyfingarinnar, en skátahreyfingin efnir til góðverkadaga um land allt þessa vikuna undir yfirskriftinni „Góðverk dagsins“.

Benjamín segir góðverk ekki þurfa að vera stór til að skipta máli. „Ég hef í áratugi reynt að gera góðverk á dag eins og góðum skáta sæmir, það er ótrúlegt hvað lítið góðverk, eins og að halda hurð opinni fyrir gangandi vegfaranda, veitir mikla gleði og ánægju.“

Góðverkadagarnir eru ný útfærsla á nær aldagamalli hefð og loforði skáta um að gera að minnsta kosti eitt góðverk á dag. Markmið verkefnisins er að hvetja landsmenn til athafna og umhugsunar um að láta gott af sér leiða, sýna náungakærleik og hjálpa öðrum. Þó nokkuð af stærri fyrirtækjum hafa gengið til liðs við skátahreyfinguna og verða með góðverkadaga í næstu viku. Góðverkadagarnir munu einnig hafa dagskrártengingu við framhaldsskóla, grunn- og leikskóla. - gde



**SKÁTAR** Góðverk eru þeirrar náttúru að þau fjölga sér á ógnarhraða öllum til ánægju.

Tilkynnt um fjögur innbrot:

# Kvenföt tekin ófrjálsri hendi

**LÖGREGLUMÁL** Brotist var inn á nokkrum stöðum í höfuðborginni í fyrrinótt. Til dæmis var farið inn í verslun við Laugaveg og þaðan stolið nokkru af snyrtivörum og kvenklæðnaði.

Tilkynnt var um innbrot í skrifstofuhúsnæði á Stórhöfða. Þar hafði hurð verið spennt upp en ekki liggur fyrir hvort nokkru var stolið þaðan. Þá var brotist inn í endurvinnslustöðina við Knarrarvog og tókst að spenna upp peningakassa. Hann var hins vegar tómur. Að síðustu voru tveir menn handteknir, sem stolið höfðu jeppadekkjum úr kjallaraíbúð og sett í bíl sinn. - sh


Miele




www.eirvik.is

Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í yfir hundrað ár.
Miele þvottavélar eru framleiddar til að endast.
Íslenskt stjórnborð - Stórt hurðarop
Íslenskar leiðbeiningar - 20 ára ending

TILBOÐ

Þvottavélar - Verð frá kr. 139.995
Þurrkarar - Verð frá kr. 119.995

MOST TRUSTED BRAND 2008
best brands 2008

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200




**VIÐ UPPSTEYPU Í HELGUVÍK** Atvinnuleysi í landinu er einna mest á Suðurnesjum. Á Suðurnesjum eru tæplega 1.800 einstaklingar atvinnulausir en verulega hefur hægt á framkvæmdum Norðuráls í Helguvík. Þar má þó enn sjá steypubíla og menn að störfum við uppsteypu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nýta reynsluna eftir brotthvarf hersins

**Atvinnulausir eru yfir 15 þúsund í landinu. Atvinnuleysið er einna mest á Suðurnesjum en þar hefur reynslan eftir brotthvarf hersins komið sér vel. Suðurnesjamenn hafa rekið miðstöð fyrir atvinnulausa frá því um miðjan janúar.**

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnulausir eru nú í fyrsta sinn komnir yfir 15 þúsund á landinu öllu. Langflestir eru atvinnulausir á höfuðborgarsvæðinu eða tæp tíu þúsund. Atvinnuleysi er næstmest á Suðurnesjum. Þar eru tæplega 1.800 einstaklingar atvinnulausir. Inni í þessum tölum eru líka einstaklingar sem hafa sótt vinnu á höfuðborgarsvæðið.

Suðurnesjamenn eru ekki að kynnast atvinnuleysi í fyrsta sinn en það jókst verulega eftir að herinn fór. Þeir voru því snöggir að opna félagsmiðstöðina Virkjun mannauðs á Suðurnesjum og hafa rekið frá því um miðjan janúar. Páll Rúnar Pálsson, umsjónarmaður Virkjunar, segir að aðsóknin hafi verið stígandi en fleiri mættu koma. Miðað við atvinnuleysistölur vanti marga.

„Við erum með alla helstu stoðþjónustu við einstaklinga, til dæmis presta, lögfræðinga, náms- og starfsráðgjafa. Þetta fólk er með fasta viðveru hérna. Svo erum við með námskeið, fyrirlestra og hópastarf. Við erum með stutt og hnitmiðuð námskeið sem snúa að atvinnuleit og atvinnulífi, til dæmis gerð ferilskrár, og svo höfum við frístundanámskeið. Hér eru til að mynda tveir menn með jóga á morgnana,“ segir Páll.

„Við lítum á okkur sem félagsmiðstöð sem er opin fyrir alla frá níu til fjögur alla virka daga. Hér er frítt kaffi og gott að koma hingað svo að fólk komist úr húsi. Það ræður svo sjálft hvaða farveg það velur, hvort það vill fara á námskeið fyrir framtíðina eða kynna sér lengra nám,“ segir hann.

Páll segir að fólk sé svartsýnt og þungt gagnvart ástandinu en jákvætt og spennt gagnvart starfinu í Virkjun, eins og félagsmiðstöðin er kölluð. „Það hjálpar okkur að herinn er nýfarinn, reynslan eftir það kemur sér vel,“ segir hann og telur rétt að leyfa starfinu í félagsmiðstöðinni að mótast í takt við óskir og þarfir fólksins. ghs@frettabladid.is

## LÆRIR ÍSLENSKU OG PRJÓNAR



ANETA ZANADSKA OG MAREK JEZIERSKI

Aneta Zanadska starfaði sem þjónn á Café Duus og þar áður á Trocadero í Reykjanesbæ en missti vinnuna í júní í fyrra. Hún og kærasti hennar, Marek Jezierski, sem vann á smíðastofu, eiga hús í Reykjanesbæ og hafa bæði verið atvinnulaus í marga mánuði.

Aneta segist hafa orðið hrædd fyrst eftir að hún missti vinnuna og farið að hugsa um hvernig hún ætti að geta bjargað sér, hvort hún gæti borgað reikningana en svo hafi hún fengið atvinnuleysisbætur og uppgötvað að þetta gæti kannski bjargast.

„Þá fór ég að hugsa að þetta væri kannski ekki svo hrikalega slæmt,“ segir hún.

Aneta og kærastinn hennar sækja íslenskunámskeið í Virkjun og búa sig undir það að fá vinnu aftur. Aneta segist svo prjóna, sauma, teikna og mála heima hjá sér, laga og gera við og jafnvel mála veggina til að hafa eitthvað fyrir stafni.

## VANTAR AÐGERÐIR



RÍKHARÐUR PESCIA

Ríkharður Pescia missti um áramótin vinnuna sem innkaupastjóri erlendra viðskipta hjá Vatnsafli. „Þetta var mjög slæm tilfinning. Ég er rétt að byrja að átta mig á þessu,“ segir hann. „Ég átti von á að vera kominn í framtíðarstarf og það gekk ekki.“

Ríkharður keypti íbúð fyrir nokkru og var búinn að innrétta hana en átti eftir að klára ýmislegt og byrjaði á því þegar hann varð atvinnulaus. Hann byrjar fljótlega á tölvunámskeiði og veltir fyrir sér hvaða stefnu hann eigi að taka. Hann er Bandaríkjamaður af ítölskum ættum og veltir fyrir sér að fara í ferðaþjónustu.

Ríkharður er skuldugur en þakkar sínum sæla fyrir að hafa tekið innlend íbúðalán. Honum finnst þó ósanngjarnt að ekki sé boðið upp á frystingu innlendra lána eins og erlendra og telur að verið sé að refsa þeim sem halda peningum í landinu. Ríkharður telur ekki nægilega gert fyrir fólk í atvinnumálum.


Auglýsingasími 512 50 50




– Mest lesið



# Sæktu þér aukinn styrk

## - fjölbreytt og áhugaverð námskeið

### UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Tungumálið er valdatæki - um skyndibita sem setjast á heilann
hefst 23. febrúar

Skyldleiki indó-evrópskra tungumála
hefst 4. mars

Sálgæsla barna og unglinga
hefst 4. mars

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Breytingastjórnun - að leiða fólk í breytingum
haldið 3. mars

Þekkingarmiðlun og tengsl milli kynslóða
haldið 5. mars

Leiðtogahæfni í lífi og starfi
hefst 10. mars

### FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Reiknuð laun í eigin atvinnurekstri
haldið 9. mars

Fjármál fyrir almenna stjórnendur
hefst 10. mars

### LÖGFRÆÐI

Nýir og nýlegir dómar Evrópudómstólsins og EFTA dómstólsins á sviði skattaréttar
haldið 4. mars

Nýir dómar um ógildingarreglur samningaréttar
haldið 9. mars

### STJÓRNUN OG STARFSÞRÓUN

Vinnusálfræði og samskipti á vinnustað
hefst 4. mars

Teymisvinna: Stjórnun og starf í teymum
hefst 11. mars

Launasetning og starfsmat
haldið 11. mars

### MENNING, SJÁLFSRÆKT OG TUNGUMÁL

Hvað voru þeir eiginlega að hugsa: Tónsmíðaaðferðir 20. aldar
hefst 2. mars

Framsækni - örugg tjáning
hefst 2. mars

Istanbúl
hefst 2. mars

Framsögn og framburður á ensku
hefst 2. mars

Söguleg skrif fyrir almenning
hefst 3. mars

Bútasaumur, heimilisiðnaður eða listgrein?
hefst 4. mars

Vönduð íslenska: Að skrifa gott íslenskt mál
hefst 5. mars

Biblían - ekki bara ein bók
hefst 5. mars

Sjálfsstyrking og samskipti fyrir konur
hefst 5. mars

Spænska II
hefst 9. mars

Danski sjónvarpsseríugaldurinn
hefst 11. mars

Pílagrímaleiðin til Santiago de Compostella - aukanámskeið II
hefst 11. mars

### VERKEFNASTJÓRNUN

Samningaviðræður
haldið 3. mars

Deilustjórnun í verkefnum
haldið 4. mars

Neyðartilfelli og áfallastjórnun
haldið 5. mars

**Mörg stéttarfélög styrkja félagsmenn sína til náms.**
***Átt þú rétt á styrk frá þínu stéttarfélagi?***

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 170 **Velta:** 659 milljóni

| OMX ÍSLAND 15 | | OMX ÍSLAND 6 | |
|---|---|---|---|
| 310 | **+0,35%** | 939 | **-0,12%** |

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATLANTIC PET.** | +8,05% | **MAREL** | -5,44% |
| **STRAUMUR-B.** | +4,12% | **ÖSSUR** | -1,47% |
| **BAKKAVÖR** | +0,54% | **CENTURY AL.** | -0,44% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,80 +0,00% ... Atlantic Airways 161,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 470,00 +8,05% ... Bakkavör 1,88 +0,54% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 111,00 +0,00% ... Icelandair Group 13,40 +0,00% ... Marel Food Systems 48,70 -5,44% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 2,53 +4,12% ... Össur 93,60 -1,47%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Olíuríkinu Dúbaí líkt við Ísland

Snörp verðlækkun á hráolíuverði á heimsmörkuðum hefur valdið hremmingum hjá olíuútflutningsríkinu Dúbaí.

Skuldatryggingarálag á fimm ára skuldabréf ríkisins rauk upp um 50 punkta á föstudag og stendur nú í 960 til 1025 punktum. Það hefur aldrei verið hærra og tvöfalt hærra en í nágrannaríkjunum, líkt og breska viðskiptablaðið Financial Times benti á í gær.

Skuldatryggingarálagið hér stendur í 915 til 1015 punktum.

Skuldtryggingarálag hefur verið notað sem vísbending um styrk fyrirtækja, sérstaklega fjármálafyrirtækja: Því hærra sem álagið er, því meiri líkur eru taldar á að fyrirtæki verði gjaldþrota.



**MOSKA Í DUBAÍ** Í olíuríkinu Dubaí segja menn stöðuna snöggtum skárri en hér. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Financial Times segir hagræðingu eina og sér duga ekki til að bæta trú manna á stöðu landsins og vísa til þess að skuldir þjóðarbúsins nemi jafnvirði 80 milljarða Bandaríkjadala. Það jafnast á við 9.148 milljarða íslenskra króna. Þar af nema skuldir fyrirtækja 70 milljörðum dala.

Arabíski netmiðillinn Gulf Times hefur eftir heimildarmanni í Dúbaí að þrátt fyrir erfiðleikana nú sé staða ríkisins snöggtum skárri en Íslands. Landið þurfi ekki á viðamiklum björgunaraðgerðum að halda heldur fjármálastjóra sem kunni til verka. - jab

## Framlengdu samninginn

Míla og Flugfjarskipti hafa gert með sér samning um að Míla veiti Flugfjarskiptum áframhaldandi fjarskiptaþjónustu á kerfi sínu. Að auki hafa tengingar verið endurhannaðar.

Flugfjarskipti sinna tal- og gagnaviðskiptum við alþjóðaflug á íslenska flugstjórnarsvæðinu, ásamt því að reka íslenska hlutann af alþjóðlegu skeytadreifikerfi fyrir flugrekendur.

Brandur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Flugfjarskipta, segir grundvallaratriði að fjarskiptasambönd séu vel varin.

Míla er í eigu Skipta sem einnig á Símann og byggir á starfsemi fjarskiptanets Símans. - óká

## Bág staða veldur minni veltu

„Ört minnkandi kortavelta að raunvirði er til marks um hríðversnandi stöðu íslenskra heimila," segir í umfjöllun Greiningar Glitnis, en þar er vísað til nýbirtra talna Seðlabankans.

Í janúar nam heildarvelta innlendra kreditkorta 24,5 milljörðum króna, en í tölunni er megnið af jólaverslun landsmanna að finna. Í krónum talið er veltan 15 prósentum minni en í fyrra.

„Erlend velta hefur skroppið mun meira saman en innlend, enda leggjast veik króna og erfiðari fjárhagur margra heimila á eitt um að draga úr ferðagleði landans," bendir Greining Glitnis jafnframt á, en á erlendri veltu hefur orðið rúmlega helmings samdráttur milli ára.

Raunvirt kreditkortavelta að viðbættri debetkortaveltu í innlendum verslunum síðustu þrjá mánuði er svo 28 prósentum minni en á sama tímabili í fyrra, segir Glitnir. - óká

## Álandsbanki kaupir Kaupþing í Svíþjóð

Álandsbanki hefur keypt Kaupþing í Svíþjóð fyrir 414 milljónir sænskra króna, eða sem nemur rúmum 5,5 milljörðum króna. Kaupverðið var greitt út í hönd, að því er fram kemur í tilkynningu bankans.

Álandseyjar eru sjálfsstjórnarsvæði undir finnskum yfirráðum á Eystrasalti, mitt á milli Finnlands og Svíþjóðar. Peter Wiklöf, forstjóri bankans, segir það lengi hafa verið á stefnuskrá bankans að hasla sér völl í Svíþjóð. Með kaupunum á Kaupþingi fjölgi viðskiptavinum bankans þegar um 20 þúsund og heildarviðskipti um fimmtung.

Fyrirtækjalán og fleiri eignir færast við kaupin til skilanefndar Kaupþings hér á landi, sem og mögulegt tap af af hruni Lehman Brothers í fyrrahaust. Málaferli á hendur Kaupþingi í Svíþjóð munu ekki heldur hafa áhrif á starfsemi



**STEINAR ÞÓR GUÐGEIRSSON**

Álandsbanka og neyðarlán sem sænska ríkið veitti Kaupþingi verður endurgreitt að fullu.

Að sögn Steinars Þórs Guðgeirssonar, formanns skilanefndar Kaupþings, er lánapakkinn sem yfirtekinn var við söluna í ágætu lagi. „Þetta eru hvorki verri né betri lán en gengur og gerist," hefur Vísir eftir honum í gær. Yfirtekin fyrirtækjalán og eignir nema um 53,6 milljörðum króna. Óvissa mun helst um heimtur á lánum vegna hlutabréfakaupa Svía í Lehman Brothers, en þau lán munu nema nokkur hundruð milljónum sænskra króna. - óká



**VIÐ ÚTIBÚ KAUPÞINGS Í STOKKHÓLMI** Álandsbanki, sem er með starfsemi á Álandseyjum og í Finnlandi, hefur keypt starfsemi Kaupþings í Svíþjóð og segir þar kominn rétta stökkpallinn inn á sænska markaðinn. Hjá Kaupþingi starfi hæft starfsfólk og þar sé samband við viðskiptavini gott. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ


Fjölskyldur fá ...



Skilvísir viðskiptavinir í Fjölskylduvild SPRON hafa nú fengið endurgreiðslu vegna viðskipta ársins 2008. Fjölskylduvild SPRON stuðlar að fjárhagslegum ávinningi fjölskyldunnar og er án endurgjalds.

Endurgreiðsla ársins 2008 samanstendur m.a. af:

- hluta af greiddum vöxtum vegna íbúðalána, skuldabréfa, yfirdráttar, erlendra lána eða víxla.
- 50% endurgreiðslu af kreditkortaárgjöldum.

ARGUS / 09-0001

**Skráðu fjölskylduna á spron.is** og þú gætir tryggt henni endurgreiðslu þessa árs!

Nánari upplýsingar
Þjónustuver 550 1400 | spron.is

# Straumur veitir starfsfólki kauprétt

Straumur hefur veitt stjórnendum og starfsmönnum kauprétt að hlutabréfum í fjárfestingabankanum upp á 650 milljónir hluta á viðmiðunargenginu 1,67 krónur á hlut. Þetta jafngildir tæpum 1,1 milljarði króna. Gengi bréfa í bankanum endaði í 2,53 krónum á hlut í gær.

Rétturinn fellur í skaut stórs hluta starfsmanna Straums hér og á meginlandi Evrópu. Um sex hundruð manns starfa hjá bankanum.


WILLIAM FALL

Í kaupréttarsamningunum er miðað við meðalgengi hlutabréfa síðustu tuttugu viðskiptadaga. Áður var miðað við fimm daga.

Í tilkynningu frá bankanum segir að handhafar kaupréttanna ávinni sér réttindi í þremur jöfnum áföngum. Rétturinn gildir í fimm ár og fellur niður við starfslok. - jab

# Beðið eftir Svíum

„Allir vilja vernda hagsmuni sína og því dregst málið á langinn,“ segir Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, en sænska fjármálaeftirlitið tók ekki afstöðu til þess í gær hvort flytja ætti íslenskar eignir sænska fjármálafyrirtækisins Moderna til heimahaganna.

Moderna er dótturfélag Milestone, félags bræðranna Karls og Steingríms Wernerssona. Helstu eignir sem skilanefndin horfir til hér eru tryggingafélagið Sjóvá og fjárfestingarbankinn Askar Capital.

Milestone seldi Moderna allar eignir hér í byrjun síðasta árs. Eftir að skilanefnd Glitnis tók félagið yfir hefur eignarhlutur bræðranna verið færður í núll og útséð með að þeir fái eitthvað úr búinu.

Árni segir marga koma að máli Moderna. Stærstu lánardrottnar


**HÖFUÐSTÖÐVAR SJÓVÁR** Skilanefnd Glitnis bíður eftir því að sænska fjármálaeftirlitið gefi græna ljósið á flutning Sjóvár aftur heim. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

hafi samþykkt hugmyndir skilanefndar, sem vilji fá tíma til að selja erlendar eignir. Sé nú beðið eftir grænu ljósi frá sænska fjármálaeftirlitinu. Biðin geti tekið marga daga, að hans sögn. - jab

# Verðbólgu spáð í 18 til 18,3 prósent

**Verðbólga náði hámarki sínu í janúar gangi eftir spár IFS Greiningar og Greiningar Glitnis. Spáð er 0,9 til 1,1 prósents hækkun milli mánaða. Tólf mánaða verðbólga hjaðnar verulega á vormánuðum. Verðhjöðnun er líkleg á næstu misserum.**



**Í SMÁRALIND** Gert er ráð fyrir ríflegri hækkun á fötum og skóm í kjölfar útsöluloka í verðbólguspám greiningardeilda. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Útsölulok setja mark sitt á næstu verðbólgutölur að mati sérfræðinga greiningardeilda, en hún verði 18 til 18,3 prósent. Í janúar mældist verðbólgan 18,6 prósent. IFS greining og Greining Glitnis birtu í gær spár sínar fyrir yfirstandandi mánuð, en Hagstofa Íslands birtir undir lok mánaðarins mælingu sína á verðbólgunni.

IFS greining er heldur bjartsýnni á verðbólguþróunina, spáir 0,9 prósenta hækkun milli mánaða, en gangi sú spá eftir verður 12 mánaða verðbólgan 18 prósent.

„Útsöluáhrif voru óvenju lítil í síðasta mánuði og lækkaði verð á fatnaði mun minna vegna þessa en á sama tíma í fyrra. IFS greining spáir því að að sama skapi muni verð hækka minna nú vegna útsöluloka en oft áður. Að okkar mati liggur ein mesta óvissan í þessum lið en vel er hugsanlegt að einhverjir kaupmenn kjósi að hækka verð umtalsvert eftir útsölur,“ segir í spá IFS Greiningar.

Greining Glitnis spáir heldur meiri verðbólgu og telur að vísitalan hækki um 1,1 prósent í febrúar. „Gangi spáin eftir mun tólf mánaða taktur verðbólgu verða 18,3 prósent og verðbólga mæld með þeim hætti því hjaðna um 0,3 prósentustig frá fyrri mánuði,“ segir í spánni.

Glitnir telur einnig að útsölulok setji svip sinn á mælinguna, en gert er ráð fyrir að föt og skór hækki um ríflega 11 prósent. „Áhrif útsöluloka á annan varning á borð við húsbúnað og tækjakost eru einnig nokkur. Við þetta bætast áhrif af gengislækkun krónu á seinni hluta síðasta árs. Á hinn bóginn gerum við ráð fyrir að húsnæðisliður vísitölunnar lækki lítillega.“

Þá segir í spá Greiningar Glitnis að útlit sé fyrir hraða hjöðnun verðbólgunnar þegar fram í sækir.

„Margt bendir nú til að hátindi verðbólguskotsins sem staðið hefur undanfarið ár sé loks náð. Ef spá okkar um verðbólguþróun reynist á rökum reist mun [vísitala neysluverðs] hækka um tæpt prósentustig samanlagt í mars og apríl. Á sama tímabili í fyrra hækkaði [vísitalan] hins vegar um tæp 5 prósent, og því allar líkur á að 12 mánaða verðbólga hjaðni verulega á vormánuðum.“ Áfram haldi svo að draga úr verðbólgu og spáir greiningardeildin því að hún verði komin undir fimm prósent að ári liðnu. „Á seinni hluta spátímans teljum við að verðbólga reynist lítil og raunar eru töluverðar líkur á að verðhjöðnun eigi sér stað um skeið einhvern tíma á næstu misserum.“

olikr@markadurinn.is



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Alþingi með sérstöku stjórnlagaþingi:

# Rýrnar í roðinu

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Ríkisstjórnin ráðgerir að svipta Alþingi því hlutverki að vera stjórnarskrárgjafi. Það er róttækasta breyting á stjórnarskránni á lýðveldistímanum. Enn fremur er þetta í fyrsta skipti sem ríkisstjórn hefur einhliða undirbúning að stjórnarskrárbreytingu án breiðari samstöðu á Alþingi en stendur að baki henni sjálfri.

Af yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar má ráða að Alþingi er ætlað að afgreiða þessi áform á nokkrum dögum nú á vorþinginu. Efnisleg afstaða stjórnarandstöðunnar er enn óljós. Á þessu stigi er því ekki vitað hvort samstaða næst um áformin eða hvort þau verða knúin fram í krafti ráðherraræðisins.

Eftir lýðveldisstofnun hafa fimm sinnum verið gerðar breytingar á stjórnarskránni. Í fjögur skipti voru þær undirbúnar í víðtæku samráði og samþykktar án teljandi ágreinings. Í eitt sinn kom til ágreinings vegna breytinga á kjördæmaskipan. Eigi að síður var sú breyting undirbúin og samþykkt af fleiri flokkum en vörðu þáverandi ríkisstjórn.

Saga breytinga á stjórnarskránni sýnir að Alþingi hefur umgengist hana með virðingu fyrir eðli hennar og hlutverki. Birtingarmynd þess kemur fram í því að stjórnarflokkar og þeir sem varið hafa ríkisstjórn vantrausti hafa aldrei knúið fram stjórnarskrárbreytingar án víðtækari stuðnings.

Þegar stjórnskipunarlög eiga í hlut er þetta vinnulag um flest til fyrirmyndar. Á móti kemur að ekki hefur náðst samstaða um heildarendurskoðun á stjórnarskránni eins og áform voru um við lýðveldisstofnun. Orðalag veigamikilla þátta í stjórnarskránni á því enn rætur í dönskum stjórnarháttum fyrir upphaf þingræðis í byrjun síðustu aldar. Stjórnskipulegra umbóta er því þörf.

Ráðagerð ríkisstjórnarinnar um að færa stjórnlagahlutverkið frá Alþingi til sérstaks stjórnlagaþings á að einhverju leyti rætur í umróti síðustu mánaða. Sú gerjun hefur eðlilega og sem betur fer kallað á endurmat og skoðun á ýmsum þáttum sem lúta að stjórnskipun landsins.

Önnur ástæða fyrir hugmyndum um stjórnlagaþing er sú staðreynd að ekki hefur tekist að ljúka heildarendurskoðuninni. Síðasta stjórnarkrárnefnd efndi til þjóðarumræðu um viðfangsefnið og skilaði þar um skýrslu. Hún fékk hins vegar ekki tækifæri til að reyna til þrautar að ná samstöðu um tillögur.

Veik staða stjórnarandstöðunnar á Alþingi hefur með réttu leitt til umfjöllunar um jafnvægið milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Þar eru brestir sem berja þarf í. Það má gera með fullum aðskilnaði. Eins koma til álita ýmsar aðrar ráðstafanir til að styrkja stöðu Alþingis innan ramma þingræðisins.

Sumir talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa afgreitt hugmyndir um stjórnarskrárbreytingar með þeim rökum að nú þurfi að sinna öðrum mikilvægari verkefnum. Það er veik röksemdafærsla. Hitt er rétt að það bæri ekki vott um agað vinnulag að keyra fram grundvallarbreytingar á stöðu Alþingis án ítarlegrar umræðu og viðleitni til að ná breiðri samstöðu.

Kjarni málsins er sá að við blasir stjórnskipulegur vandi vegna stöðu Alþingis. Það er brýnt úrlausnarefni. Erfitt er hins vegar að sjá að úr því verði leyst með því að rýra hlutverk þess. Vissulega hefur gætt óánægju með þá sem valist hafa til setu á þessari fulltrúasamkomu fólksins eins og oft áður í langri sögu Alþingis. Á hinn bóginn er ekki augljóst að bót verði ráðin þar á með því að fjölga slíkum fulltrúaþingum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Geir og prófkjörin

Vörður – fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík – samþykkti einróma á fundi fyrr í mánuðinum að halda sameiginlegt prófkjör í Reykjavíkurprófkjörunum 13. og 14. mars næstkomandi. Í tilkynningu frá Verði segir að þátttaka í prófkjörinu sé heimil:

„a) öllum fullgildum meðlimum sjálfstæðisfélaganna í kjördæminu sem þar eru búsettir og náð hafa 16 ára aldri prófkjörsdagana.

b) Þeim stuðningsmönnum Sjálfstæðisflokksins, sem munu eiga kosningarétt í kjördæminu við kosningar og undirritað hafa inntökubeiðni í sjálfstæðisfélag í kjördæminu fyrir lok kjörfundar.“

### Opnu prófkjöri hafnað

Á borgarafundi í Háskólabíó í nóvember í fyrra var Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, spurður hvort Sjálfstæðisflokkurinn væri reiðubúinn að halda opið prófkjör fyrir næstu kosningar. Svar hans var afdráttalaust: „Já.“ Meðlimir í sjálfstæðisfélögunum í Reykjavík voru sem sagt á öndverðum meiði við Geir.



### Uppstillingu hafnað

Geir H. Haarde lýsti einnig þeirri skoðun sinni á á fundi kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi í síðustu viku að skynsamlegt gæti verið að stilla upp á framboðslistann í stað þess að efna til prófkjörs. Sú hugmynd féll í grýttan jarðveg og var tillaga stjórnar kjördæmisráðsins um prófkjör samþykkt nánast samhljóða.

Undir lok ferils síns sem forsætisráðherra var Geir legið á hálsi að vera ekki í nógum góðum tengslum við þjóð sína. Ætli sjálfstæðismönnum líði eins í garð formanns síns?

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Hér og nú



**JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR**

**Í DAG** | Verðmætin í lífinu

Árið 1946 gaf Bókaútgáfa Æskunnar út bókina „Sögurnar hans pabba“, eftir Hannes J. Magnússon. Í formála kemur fram að höfundi bókarinnar þyki vanta alíslenskt lesefni fyrir börn. Flestar barnabækur séu þýddar úr öðrum tungumálum og lýsi erlendu fólki, staðháttum og hugsunarhætti. Bókinni var firna vel tekið og næstu árin komu út þrjár með sama sniði; Sögurnar hennar mömmu, og síðar afa og ömmu.

Eins og bókarheitin benda til er þetta fjölskyldutengt, og hver kafli hefst á því að krakkarnir biðja um sögu, sem sögumaður tengir atburðum dagsins eða færir fróðleik í ævintýrabúning, til dæmis í sögunni um dropann og sögunni um sóttkveikjuna. Sjálf naut ég þess að lesa þessar bækur á bernskuárum mínum. Eftirlætissaga mín var og er sagan af Lata-Pétri, sem liggur í rúmi og hlustar á gang stóru klukkunnar, sem breytist í gamlan og gráskeggjaðan karl. Þeir taka tal saman og karlinn segir honum sögu, sem er eitthvað á þessa leið:

**Augnablikið**

Einu sinni langaði guð til að vita hve vitrir mennirnir væru orðnir og hvort þeim hefði farið eitthvað fram. Hann sendi tvo vitrustu englana sína til að leggja fyrir þá þessa spurningu: „Hvað er það besta og dýrmætasta sem til er?“

Englarnir áttu að vera eitt ár að ferðast um jörðina. Þeir ferðuðust bæ frá bæ og land úr landi og spurðu ríka og fátæka, unga og gamla. Sumir sögðu að það væri gull, aðrir að það væri svefninn og hvíldin og aðrir moldin. Englarnir þóttust vita að ekkert af þessum svörum væri rétt, því að enginn var fullkomlega glaður eða hamingjusamur, nema helst börnin.

Síðasta kvöld ársins voru englarnir í þann veginn að leggja af stað upp til himna þegar þeir komu auga á lítinn kofa og var það síðasti viðkomustaður þeirra á jörðinni. Þeir gengu inn í kofann og hittu þar fyrir gamlan mann sem spann gullþráð á snældu. Þegar þeir spurðu hvað hann væri að spinna, sagðist hann vera að spinna þráð í hamingju mannanna.

„Hvaðan fær þú allt þetta gull?“ spurði annar engillinn.

„Ég vinn það úr augnablikunum,“ svaraði öldungurinn.

Englarnir mundu nú eftir aðalerindinu og spurðu hann hvað væri það dýrmætasta sem til væri. Öldungurinn hætti eitt andartak að spinna og leit á englana djúpum og alvarlegum augum og mælti: „Ef þið hittið mennina aftur, þá segið þeim öllum, að augnablikið sé það dýrmætasta sem til er.“

Þegar englarnir voru búnir að segja guði frá öllu sem þeir höfðu séð og heyrt var hann orðinn ákaflega alvarlegur. Hann hafði ekki búist við að mennirnir væru svona ófullkomnir. „Funduð þið þá engan sem var fullkomlega ánægður og hamingjusamur?“ spurði drottinn. „Nei, engan,“ svöruðu englarnir, „nema ef vera skyldi gamlan mann sem við hittum rétt áðan. Svo sögðu þeir honum frá manninum í kofanum sem spann gullþráð á snældu. Þá brosti guð lítið eitt og sagði: Þennan öldung skal ég gera æðsta kennara mannanna. Hann skal kenna þeim að finna gæfuna. Hann skal kenna þeim að menntast og vaxa og verða að fullkomnum mönnum. Tíminn, augnablikið, er það dýrmætasta sem til er.

**Dagatalið**

Í inngangi að bók sinni um ævi og störf Sigurbjörns Einarssonar biskups segir Sigurður A. Magnússon frá fyrstu kynnum sínum af þessum einstaka manni.

Þetta var árið 1941 og Sigurbjörn nýkominn til starfa í Hallgrímssókn. Hann kom á fund hjá KFUM við Amtmannsstíg og talaði til drengja innan við fermingu á þann veg að hann hélt athygli þeirra óskiptri til enda. Um inntak orða hans segir Sigurður:

„Hann var að brýna okkur að fara vel með tímann og glutra ekki niður dögum okkar.

Í því samhengi tók hann dæmi af dagatalinu. Við rífum daglega eitt blað, vöðlum því saman og fleygjum í bréfakörfuna eða út í buskann, en hvert einstakt blað er tákn um dýrmæta gjöf sem ekki má lenda í glatkistunni, því fyrir hana verður aldrei bætt. Mér er í minni hve ljóslega og myndrænt hann lagði út af hinni einföldu samlíkingu, enda er þetta ræðan sem ég man best frá unglingsárunum.“

Brýning Sigurbjörns er sígild. Á umbrotatímum eins og núna, þegar óvissan bítur, framtíðin getur orðið hvernig sem er, og gengin spor hræða, er margt verra en að njóta augnabliksins. Vera til af öllum lífs og sálar kröftum. Hér og nú.

# Mikilvægi „sorpblaða“

**UMRÆÐAN**

Jón Trausti Reynisson svarar Guðmundi Andra Thorssyni



**JÓN TRAUSTI REYNISSON**

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur sá ástæðu til að uppnefna DV „sorpblað“ í pistli í Fréttablaðinu síðastliðinn mánudag. Ástæðan fyrir uppnefninu var að DV hafði gengið hart á eftir svörum hjá Davíð Oddssyni seðlabankastjóra, sama dag og forsætisráðherra og eflaust stór hluti þjóðarinnar beið svara frá honum. Blaðamaður DV gerði sitt allra besta til að fá svör hjá seðlabankastjóranum, sem lauk með því að hann lýsti andstöðu sinni við að svara þar sem hann væri á leið í læknisskoðun. Fyrir tilviljun komast blaðamaðurinn að því að sú yfirlýsing Davíðs stóðst ekki, í það minnsta miðað við þá staðreynd að hann gekk rakleiðis í gegnum spítalann og stefndi út bakdyramegin, þar sem einkabílstjóri beið hans. Nokkrum vikum áður hafði annar blaðamaður DV reynt að spyrja Davíð spurninga. Í það skiptið hunsaði hann blaðamanninn alfarið og talaði til heimiliskattar frekar en að svara spurningum.

DV hefur margítrekað lagt fyrirspurnir fyrir Davíð Oddsson seðlabankastjóra og reynt að ná tali af honum, en án árangurs. Auk þess hefur blaðið kært Seðlabankann á grundvelli upplýsingalaga.

Eftir því sem næst verður komist hefur Davíð ekki svarað spurningum DV frá árinu 2005, þegar hann var valinn maður ársins af þáverandi ritstjórn. Blaðamönnum hefur hins vegar gefist færi á að spyrja Davíð spurninga á blaðamannafundum Seðlabankans við stýrivaxtaákvarðanir. Þeir fundir virðast hafa verið lagðir niður. Davíð hefur ekki haldið blaðamannafund við stýrivaxtaákvörðun frá 11. september í fyrra.

Ef Guðmundi Andra Thorssyni mislíkar að fjölmiðill skuli heimta skýr svör til að upplýsa almenning má hann auðvitað hafa þá skoðun. Hann má líka dreifa þeirri skoðun í pistlum, þótt það sé óþarfi að nota uppnefni í því samhengi. Óháð því hefur DV ekki aðeins fullan rétt til að spyrja seðlabankastjóra og aðra ráðamenn spurninga og birta viðbrögðin, heldur líka skyldu til þess gagnvart lesendum.

Ef einhver telur að ágeng upplýsingaleit sem varðar almannahagsmuni beri vott um að fjölmiðillinn sé sorpblað, megi þá verða til fleiri sorpblöð hér á landi, og jafnvel sorpútvarps- og sjónvarpsstöðvar, sorpstjórnmálamenn, sorpgreiningadeildir og sorprithöfundar. Eða höfum við ekkert lært af feluleik, útúrsnúningum og blekkingum ráðamanna síðustu ár?

*Höfundur er ritstjóri DV.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**PARANÁMSKEIÐ** í orkunuddi er tilvalin leið fyrir pör til að bæta samskipti sín á milli. Pörin nudda hvort annað og læra kröftugar aðferðir sem þau geta síðan notað heima við. Nánari upplýsingar á heilsusetrid.is.





Patti húsgögn

Landsins mesta úrval af íslenskum sófum

Íslensk framleiðsla - Íslensk hönnun - Íslensk framtíð



Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is

Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

Oxyal™ Augndropar

Fæst í apótekum

Við þurrki, þreytu og ertingu í augum.
Hentar öllum, einnig fyrir þá sem nota linsur.

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA

Borgartún 29
Sími 510 3800
Fax 510 3801
www.husavik.net
Reynir Björnsson
Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasalar

Opið hús í dag frá 17.30 - 19.30.
Hólmgarður 50. 1 hæð mið.



Verð 15,8 millj. Áhv. 12,0 millj. íls. Allir velkomnir í opið hús í dag frá 17.30 - 19.30.

HÚSAVÍK - GOTT ORÐSPOR - TRAUST VIÐSKIPTI



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jógvan þakkar reglulegri hreyfingu og hollu mataræði árangrinum sem hefur náðst síðan í janúar.

# Tekur á því í ræktinni

**Söngvarinn Jógvan Hansen hefur stundað líkamsrækt af miklum eldmóð síðan í ársbyrjun. Árangur erfiðisins sást vel þegar hann kom fram í Söngvakeppni Sjónvarpsins 2009 síðastliðinn laugardag.**

Jógvan Hansen tók sem kunnugt er þátt í Söngvakeppni Sjónvarpsins á laugardag og þótti standa sig með prýði er hann söng lagið I think the world of you. Athygli vakti að keppinn hafði grennst töluvert frá því í vetur. Strangt æfingaprógramm og breytt mataræði eru lykillinn að árangrinum, segir söngvarinn góðkunni.

„Ég var bara orðinn alltof þungur, enda alltaf verið mikill matmaður eins og þeir vita sem til mín þekkja. Tilhugsunin um góðan mat er auðvitað miklu meira freistandi en að svitna í ræktinni. En svo kom söngvakeppnin upp og þá var ekkert annað í stöðunni en að taka á málunum,“ segir Jógvan.

Hann fékk vinkonu sína Yesmine Olsen, sem er þekkt fyrir heilsusamlegan lífsstíl, til að taka sig í einkaþjálfun og Jón Helga Erlendsson til að útbúa sérstakt matarprógramm, þar sem salt og sykur eru á bannlista og kolvetna neytt í hófi. Jógvan hefur nú grennst um níu kíló síðan hann byrjaði í einkaþjálfun í World Class í Laugum hinn 5. janúar.

„Fyrst rak mig áfram tilhugsunin um að ég kynni að virðast of þungur í sjónvarpinu, enda talað um að menn virðist fimmtán prósentum þyngri á skjánum en þeir eru í raun. Ég vildi því losna við nokkur kíló til að ná kjörþyngd og ákvað að taka þetta engum vettlingatökum fyrst ég var að þessu á annað borð heldur fara alla leið. Hef mætt tvisvar á dag, fyrst klukkan sjö á morgnana og svo eftir vinnu. Síðan hefur mér bara farið að finnast þetta mjög gaman.“

Þegar Jógvan sigraði í X-Factor fyrir tveimur árum var hins vegar ekki annað að sjá en að hann væri í feiknaformi. „Enda hafði ég þá í svo mörgu að snúast að það var varla tími aflögu til að borða. Þegar hann gafst tímdi ég ekki öðru en að borða hollan mat. Það munar miklu um það,“ útskýrir hann.

Jógvan segist hafa lært heilmikið af átakinu. „Ég sé sko ekki eftir að hafa tekið þetta með svona miklu trukki í byrjun; það borgaði sig heldur betur að fjárfesta í þessu prógrammi. Ég náði jólaspikinu strax af mér í staðinn fyrir að vera að losna við það á þriggja mánaða tímabili. Svo læðri ég líka að borða oftar en um leið hollari mat.“

*roald@frettabladid.is*

BÍLKÓ Þjónustumiðstöð bílsins

Smurþjónusta
15% afsláttur
olís
Nýttu tækifærið, 15% afsláttur af smurvinnu.

Tilboð á teflonbóni
Láttu okkur um þrifin
SÆKJUM & SENDUM



Hjólbarðaþjónusta
Smurþjónusta
Alþrif og teflon
Bón
Djúphreinsun
Mössun
Mössun
Dekkjahótel
Rafgeymar
Perur
Rúðuþurkur
Bremsuklossar
Sækjum og sendum
Flestar stærðir dekkja á lager

BÍLKÓ Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

**TANNÞRÁÐUR** getur komið í veg fyrir dýrar tannlæknisheimsóknir en notkun hans dregur úr tannskemmdum og bólgu í tannholdi. Á vef Lýðheilsustöðvar, lydheilsustod.is, má nálgast kennslumyndband um notkun á tannþræði.



# Í form eftir barnsburð

**Á nýju námskeiði í kvennaheilsu er áhersla lögð á að fyrirbyggja stoðkerfisvanda í kjölfar meðgöngu og fæðinga, en vanstarfsemi í grindarbotni getur orsakað allt frá vöðvabólgu til þvagleka og bakvandamála.**

„Markmið „Betra forms eftir barnsburð“ er að fyrirbyggja kvilla sem þróast í kjölfar meðgöngu og fæðinga,“ segir Guðlaug Kristjánsdóttir sjúkraþjálfari. Hún heldur á næstunni námskeið eftir forskrift kanadíska sjúkraþjálfarans Diane Lee, sem er alþjóðlega viðurkenndur sérfræðingur í meðferð vandamála í mjaðmagrind og grindarbotni. „Eftir barnsburð verða dramatískar breytingar á líkamanum. Þá leitum við oft í stellingar og hreyfingar sem duga ágætlega fyrstu vikurnar eftir að barnið er fætt, en geta orðið að þrálátum vana.“

Guðlaug segir Diane Lee flokka konur í þrjá hópa, eftir því í hvaða munstur þær sækja sem uppbótarhreyfingar. Þær sem spenna bak sitt of mikið, brjóstkassa eða mjaðmir og rass. „Afleiðingarnar geta verið allt frá auknum þrýstingi í kvið og niður til grindarlíffæra, eða vandamála í baki ásamt slits í mjöðmum,“ segir Guðlaug sem eignaðist yngsta son sinn fyrir hálfu öðru ári og fékk heim ljósritaðar leiðbeiningar um grindarbotnsæfingar eftir barnsburð. „Það var sama ljósrit og ég hafði fengið áratug áður, og er vitaskuld ekki við hæfi miðað við þá miklu endurmenntun sem sjúkraþjálfarar hafa fengið í tengslum við grindarbotn. Nú er vitað að ekki fæst allt með því að spenna og klemma grindarbotnsvöðva, og að maður er ekki endilega frábær í grindarbotninum af því maður missir ekki þvag. Við verðum því að hvetja konur til að ræða þessi persónulegu mál, og uppræta klisjur eins og þá að eðlilegt sé að upplifa þvagleka árum saman eftir fæðingu og enda í skurðaðgerð. Konur bíða því miður oft of lengi og eru orðnar langt leiddar þegar þær loks leita sér hjálpar, en með fyrirbyggjandi aðgerðum, eins og bættri líkamsstöðu, geta þær gert margt til sjálfshjálpar.“



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Guðlaug Kristjánsdóttir sjúkraþjálfari er kennari á námskeiðinu Betra form eftir barnsburð.

Guðlaug segir barnsburð vissulega valda álagi á líkama kvenna. „Stór hópur leitar sér ekki hjálpar því hann telur sig ekki nógu slæman. Margar segjast góðar svo framarlega sem þær gangi ekki á Esjuna, þrífi ekki mikið eða slái grasið, og finni ekki fyrir sársauka í grindinni,“ segir Guðlaug sem meðal annars hefur unnið með kvensjúkdómalæknum.

„Þar kemur fram að meira ber nú á stoðkerfisvanda kvenna í tengslum við meðgöngu og fæðingu. Læknar hallast að því að orsökina sé að finna í daglegum stellingum, meiri kyrrsetu og almennri hollningu, en þá þarf að bæta líkamsstöðu og endurstilla vöðvajafnvægið, sem er sterkasta meðferðin burtséð frá öðrum inngripum sem við kunnum.“

Á námskeiðinu fær hver og ein kona eigið stöðumat, ásamt æfingum til að komast í betra form. „Lokatíminn er um kynlíf eftir fæðingu, en vefir grindarbotns þurfa að vera starfhæfir á eftir svo kona geti áfram tekið þátt í og notið kynlífs eins og hún gerði.“

Skráning er á www.asmegin.net og gudlaug@asmegin.net.

*thordis@frettabladid.is*




Vandaðir herraskór úr leðri í úrvali.
Stærðir: 40 - 47
Verð: 11.500.- 12.450.-
Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Næstu fyrirlestrar og námskeið
Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is
17. feb. Ævintýralíf
Benedikta Jónsdóttir ráðgjafi
19. feb. Goodheart hlátur- markþjálfun
Kristján Helgason hláturjógaleiðbeinandi
24. feb. Erum við andleg og líkamleg eiturefna-úrgangs-ruslaskrímsli
Edda Björgvins leikkona
25. feb. Spa dekur
Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir
26. feb. Ég fitna sama hvað ég geri. Hvernig næ ég jafnvægi?
Esther Helga Guðmundsdóttir ráðgjafi
04. mars. Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?
Ebba Guðný Guðmundsdóttir



ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI
Að samræma hollt mataræði, hreyfingu og Slendertone í daglegu lífi, skilar svo sannarlega árangri
System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra kr. 29.900.-
Heimir Karlsson
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

Ævintýralíf
Fyrirlesari: Benedikta Jónsdóttir
Lífið er ferðalag og þú getur stjórnað því hvort þú lendir í spennandi ævintýrum og lætur drauma þína rætast eða festist í gráum hversdagsleikanum. Ekki fresta því að koma á hnitmiðaðan **fyrirlestur** um hvernig hægt er að hafa ótrúleg áhrif á daglegt líf þitt.
**Verð: 1.900 kr. Skráning: 699 6416 eða madurlifandi@madurlifandi.is**
**Fyrirlestur í Maður lifandi, Borgartúni 24, þriðjudaginn 17. febrúar kl: 17:30–19:30**



- Hvernig þú ferð á vit ævintýranna.
- Hvernig þú vinnur í draumum þínum og lætur þá rætast.
- Hvernig þú notar hugarafl þitt án hindrana og takmarkana.
- Hvernig þú lætur bjartsýni og jákvæðni stýra lífi þínu.
- Hvernig þú tekst á við óttann og snýrð ósigrum upp í sigra.

www.madurlifandi.is maður lifandi

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



Algerlega ný hönnun heyrnartækja.
Tækið sem enginn verður var við.
be by ReSound™ er nýjasta tæknibyltingin í heyrnartækjum, hönnun þeirra byggir á algerlega nýrri hugsun. Þau eru hulin í eyrunum og eru svo létt og þægileg að notandinn gleymir því að hann er með þau og aðrir taka heldur ekki eftir þeim.
be by ReSound™ er algerlega nýtt úrræði fyrir þá sem þurfa að nota heyrnartæki



be by ReSound eru vart greinanleg í eyrunum
be BY RESOUND™
Heyrnarþjónustan HEYRN
Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur - heyrn.is
Tímapantanir 534 9600

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Tekk hjónarúm+spegill.Tekk skrifborð. Borðstofuborð(stækkanl)+6 stólar og skenkur í dökkum við. Danskur hægindastóll+skammel(brúnt leður). Lítið hvítt eldhúsborð +2stólar(Ikea). Sanngj. verð. S. 862 8058 e. kl. 16.00

## Dýrahald

**Dvergschnauzer draumurinn?**
**Eigum gullfallega hvolpa ólofaða undan spennandi samsetningu fyrir réttu heimilin. Yndisleg skapgerð og HRFI ættbók. Uppl í s. 846-8171 eða á www.svartskeggs.com**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Falleg 3ja herb. íbúð í miðbæ Reykjavíkur**
**Mjög falleg 100 fm íbúð á jarðhæð með sérinngangi í miðbæ Reykjavíkur til leigu. Mjög rólegur og öruggur staður. Upplýsingar í síma 899 8018 & 860 8460**

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 2ja, 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

**husaleiga.is**
Vegna mikillar eftirspurnar stórvantar okkur eignir á skrá. Auglýsing kostar ekkert.

Falleg 2ja herb útsýnisíbúð í 110 Selás til leigu, með eða án húsgagna, 8683775.

Herb. til leigu í 105. 16 fm. og 11 fm. m. rafm., hita, interneti og þvottaaðst. í Skipholti. S. 898 0066.

58 fm. íbúð til leigu í 101 bakvið verslunina 17. Raf., hiti og internet innif. 90 þús. S. 898 0066.

Herb. á gistiheimili í miðb. Aðg. að öllu + inter. V. frá 37 þ. S. 896 4661.

Nýjar studio íbúðir miðsvæðis í Hafnarfirði „Flatarhrauni", með eldhúskrók og baðherbergi, önnur 25m2 hin 31m2. Húsaleigubætur fást á þessar íbúðir. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni m. þvottavél og þurrkara!! Upplýsingar í s. 699 5595 milli 13:00 og 18:00

Snyrtil. 60fm 3ja herb. íbúð. Neðri hæð í raðh. í 109. Laus 1. mars. Leiga 75þús m/hita. Uppl. í s. 698 8980.

2 sameiginleg herb. í miðbæ Rvk. pnr. 105. Húsgögn fylgja. V. 55þ. S. 895 0482.

3 herb 95 fm íbúð til leigu í Kóp. 100þ per mán. Innif. rafmagn, hiti, S2+fjölvarp. Aðeins reglusamt fólk kemur til greina. S. 862 9861 e. 17 á daginn.

til leigu 2 stúdió íbuðir með sameiginlegt salerni og sturtu í vesturbæ .langtímaleiga í boði uppl 8931174

Stúdíóíbúðir. Skyndileiga, skammtímaleiga, langtímaleiga. Uppl. í s. 618 2698.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir snyrtilegri 2ja herb. íbúð á höfuðborgarsv. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Er með kisu. Uppl. í s. 691 3909.

## Sumarbústaðir

Óska eftir að kaupa gesthouse, ekki stærra en 20 fm. Til flutnings. Uppl. í s. 564 2118 og 895 5512.

## Atvinnuhúsnæði

120 fm verslunarpláss til leigu. Góð aðstaða. Hentar vel til hverskyns verslunarreksturs. Til húsa að Suðurlandsbraut 6, við hliðina á Nings. Uppl. í s. 899 3760.

Snyrtileg skrifstofuherb. til leigu við Ármúlann & Suðurlandsbraut. Uppl. í s. 899 3760.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslaeitt.is**
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Bílskúr

Til leigu bílskúr í Hafnarfirði. Rúmlega 26fm. S: 823 5050

## Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

## Til sölu


**MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI**

Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is



**FLESHLIGHT.IS**


# ATVINNA

## Atvinna í boði

**panorama restaurant**
Panorama Veitingastaður óskar eftir duglegu og snyrtilegu starfsfólki í kvöld og helgarvinnu bæði sem aðstoð í sal og á bar, reynsla nauðsynleg, aldurstakmark 20ár og góð íslensku kunnátta áskilinn. Einnig óskast hörkuduglegt fólk í uppvask(aðstoð í eldhúsi). Eingöngu umsóknum sem sendar eru á fb@centerhotels.is verður svarað.

**Veitingastaðurinn Domo**
**Óskar eftir metnaðarfullum matreiðslunemum til starfa. Uppl. veitir viktor á viktoro@simnet.is**

Veitingahús. Starfskraftur óskast í 80% vinnu. ca 20 dagar í mán. 12 daga frá 12-19 og 8 daga frá 8-15. Uppl. í s: 843 9950

Saffran er nýr framandi og freistandi veitingastaður sem óskar að ráða vaktstjóra með áhuga á hollustu og reynslu af þjónustustarfi. Umsóknir á staðnum í Glæsibæ, miðvikudaginn 18/2 og fimmtudaginn 19/2 milli 10 og 12. Gengið er inn frá aðalbílastæði austurhluta hússins. (Sérinngangur)

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Samkynhn. KK ath.**
Nú er mikið af nýjum auglýsingum frá samkynhneigðum karlmönnum hjá Rauða Torginu Stefnumót. Þið hlustið á og svarið auglýsingum í síma 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort). Nýjar auglýsingar má leggja inn frítt í síma 535-9923, og þar er einnig vitjað um skilaboð. Mbk, Rauða Torgið, www.raudatorgid.is.

## Tilkynning

Hamraborg 11
200 Kópavogur
Café Catalina
S: 554-2166

**Konudagskaffi – Góukaffi**

**Önfirðingafélagið og Catalina**
**Boða til konudagskaffi – Góukaffis**
**Í Catalinu sunnudaginn 22. Feb, n.k**
**Frá kl. 15:00 – 17:00**

Allir velkomnir.

## Atvinna

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY




# FORSETI VIÐSKIPTADEILDAR

## HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA FORSETA VIÐSKIPTADEILDAR

Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík er ein stærsta háskóladeild landsins með um 1000 nemendur í fjölbreyttum námslínum á grunn- og meistaranámsstigi. Fjórar rannsóknarmiðstöðvar eru starfræktar við deildina og doktorsnám er í undirbúningi. Stefna deildarinnar er að öðlast á næstu misserum viðurkenningu frá alþjóðlegum vottunaraðilum háskólanáms.

Markmið viðskiptadeildar HR er að bjóða nemendum krefjandi nám í framsækni og skapandi umhverfi. Lögð er áhersla á nýsköpun í kennslu, alþjóðlega viðurkenndar rannsóknir og sterk tengsl við atvinnulífið. Alþjóðatengsl eru jafnframt ríkur þáttur í starfsemi deildarinnar og þar starfa um 25 erlendir gestakennarar. Þá eru skiptinámssamningar í gildi við 130 erlenda háskóla.

Leitað er að reyndum leiðtoga til að stýra hæfum hópi starfsmanna við framþróun öflugrar og metnaðarfullrar háskóladeildar. Deildarforseti ber ábyrgð á akademísku starfi og rekstri deildarinnar, situr í framkvæmdastjórn Háskólans í Reykjavík og heyrir beint undir rektor HR.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Doktorspróf í viðskiptafræði, hagfræði, stjórnun eða skyldum greinum.
- Veruleg reynsla af háskólakennslu og rannsóknum.
- Sterkir forystu- og stjórnunarhæfileikar.
- Alþjóðleg reynsla.

**Nánari upplýsingar** um starfið gefa Friðrik Már Baldursson, formaður valnefndar, og Ásta Bjarnadóttir (599-6200, fmb@ru.is, asta@ru.is).

**Umsóknum skal skilað** til Háskólans í Reykjavík á netfangið appl@ru.is í síðasta lagi 31. mars 2009. Fylgigögn má senda til Háskólans í Reykjavík, b.t. Ástu Bjarnadóttur, Ofanleiti 2, 103 Reykjavík.

**Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.**

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði. Akademískar deildir skólans eru fimm: Kennslufræði- og lýðheilsudeild, lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild.

Háskólinn í Reykjavík er samfélag um 3000 nemenda og yfir 500 starfsmanna og stundakennara. Um helmingur kennara er virkur í íslensku atvinnulífi og einn af hverjum sex akademískum starfsmönnum kemur erlendis frá. Nám í öllum deildum Háskólans í Reykjavík er framsækið, tekur mið af því sem best gerist á alþjóðavettvangi og er í stöðugri þróun. Háskólinn býður nú upp á tæplega 800 námskeið á ári, um 600 í grunnnámi og 200 á meistara- og doktorsstigi, og mætir þannig þörfum nemenda og atvinnulífs.

Gott Fólk

**PARIS HILTON ER 28 ÁRA Í DAG.**

*„Mesti misskilningurinn er sá að ég sé fordekruð. Það er ég hins vegar alls ekki. Í reynd er ég langt í frá að vera dekruð.“*

***Hótelerfinginn, samkvæmisljónið og leik- og söngkonan Paris Hilton er 28 ára í dag. Hilton hefur reynt fyrir sér á ýmsum sviðum með misjöfnum árangri. Þekktust er hún fyrir raunveruleikaþættina Simple Life.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 17. FEBRÚAR 1904

## *Madame Butterfly frumsýnd*



Upphafleg útgáfa óperunnar Madame Butterfly eftir Giacomo Puccini var frumsýnd á þessum degi í Teatro alla Scala eða La Scala óperuhúsinu í Mílanó árið 1904 og fékk harkalega útreið. Viðtökurnar máttu meðal annars rekja til þess að ekki hafði gefist nægur tími til æfinga.

Verkið byggði Puccini á leikgerð sem David Belasco hafði samið upp úr smásögu lögfræðingsins Johns Luthers Long, Madame Butterfly sem út kom árið 1898, og svo skáldsögu Pierre Loti, Madame Chrysanthème, frá árinu 1887. Er efniviður skáldsögunnar talinn hafa verið sóttur til atburða sem áttu sér stað í Nagasaki í Japan upp úr 1890. Madame Butterfly segir af ástarsambandi japönsku stúlkunnar Cio-Cio San og bandaríska herforingjans Pinkertons sem svíkur hana með skelfilegum afleiðingum.

Viðtökur voru dræmar og því gerði Puccini umtalsverðar breytingar á óperunni og skipti meðal annars seinni þættinum í tvennt. Eftir að endurskoðaða útgáfan var sýnd í Brescia við mikinn fögnuð 28. maí árið 1904, hefur óperan verið sett upp víða um heim og yfirleitt við góðar undirtektir. Madame Butterfly trónir efst á lista yfir þær óperur sem oftast hafa verið sýndar í Norður-Ameríku.

### MERKISATBURÐIR

**1906** Fyrsta fréttamyndin birtist í íslensku dagblaði en það er teikning í Ísafold sem sýnir Friðrik VIII. ávarpa fólk í Amalienborg.

**1947** Fyrsti nýsköpunartogarinn, Ingólfur Arnarson, kemur til landsins.

**1968** Kolakraninn við Reykjavíkurhöfn er rifinn.

**1974** Stórrigningu gerir í Reykjavík og margar götur eru ófærar vegna flóða.

**1984** Vopnað rán er framið við Austurbæjarútibú Landsbankans þegar starfsmenn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins ætla að setja fé í næturhólf. Ræninginn kemst á brott með 1,8 milljónir króna en náðist síðar í sama mánuði.

AFMÆLI



**ADRIANO** knattspyrnumaður er 27 ára.



**JASON RITTER** leikari er 29 ára.



**RENE RUSSO** leikkona er 55 ára.



**DENISE RICHARDS** leikkona er 38 ára.

# Blaðað í albúmi

Þjóðmenningarhúsið og Gljúfrasteinn, hús skáldsins, efna til dagskrár í Þjóðmenningarhúsinu fimmtudagskvöldið 19. febrúar klukkan 20. Dagskráin nefnist Blaðað í myndaalbúminu og er haldin í tilefni af sýningunni Síðbúin sýn, þar sem brugðið er upp ljósmyndum sem Halldór Laxness tók á ferðum sínum innanlands og utan og heima á Gljúfrasteini.

Halldór Guðmundsson rithöfundur og Guðný Halldórsdóttir, kvikmyndaleikstjóri og dóttir skáldsins, ganga um með gestum og ræða um ljósmyndir Laxness. Þá munu Anna Guðný Guðmundsdóttir og Sigrún Hjálmtýsdóttir flytja lög við ljóð Halldórs Laxness.

Allir eru velkomnir á dagskrána og aðgangseyrir er enginn.



**MYND EFTIR LAXNESS** Ókeypis er á dagskrá Þjóðmenningarhússins á fimmtudag.

Sýningunni Síðbúin sýn í Þjóðmenningarhúsinu lýkur 8. mars.



**HELENA FAGRA** Brynhildur ásamt manni sínum Úlfari Ormarssyni í snyrtistofunni Helenu fögru sem Brynhildur stofnaði fyrir fimmtán árum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SNYRTISTOFAN HELENA FAGRA: 15 ÁRA Í FEBRÚAR

# Stofnaði stofuna 22 ára

Brynhildur St. Jakobsdóttir stofnaði snyrtistofuna Helenu fögru aðeins 22 ára gömul. „Ég hef haft áhuga á þessu frá unga aldri,“ segir Brynhildur sem skráði sig á snyrtinámskeið sem voru í boði í grunnskóla. „Þá fórum við í vettvangsferð á snyrtistofu og ég fékk að vera alla vikuna af því ég hafði svo mikinn áhuga,“ segir Brynhildur sem síðan fór að læra snyrtifræði við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Að því loknu fór hún á nemasamning, lauk sveinsprófi og fór svo beint í meistaranám í greininni. Þegar hún var um það bil að klára námið spurði vinkona hennar sem var að stofna hárgreiðslustofu hvort hún vissi um einhvern snyrtifræðing sem myndi vilja leigja hluta af plássinu. Úr varð að Brynhildur stofnaði eigin snyrtistofu sama vor og hún útskrifaðist sem meistari.

Brynhildur kynntist manni sínum, Úlfari Ormarssyni árið 1998. Hann er húsgagnasmíðameistari og þau hjónin keyptu árið 2000 húsnæðið sem snyrtistofan er í núna á Laugavegi 163. „Þetta var einn stór geymir og við innréttuðum allt sjálf, settum milliveggi og lögðum gólfefni,“ segir Brynhildur en smiðurinn Úlfar hefur með tímanum dregist inn í snyrtibransann og lærði til dæmis að húðflúra og stundar fegrunarhúðflúr á snyrtistofunni í hjáverkum með smíðunum.

Brynhildur segist hafa jafn gaman af snyrtibransanum í dag og þegar hún byrjaði. Sérstaklega líkar henni fjölbreytnin sem er mikil auk þess sem alltaf er eitthvað nýtt að gerast. Hún er einnig í stofueigandanefnd snyrtifræðinga og starfsgreinaráði snyrtigreina á vegum menntamálaráðuneytisins og finnst gott að fara á fundi og spjalla um það sem er að gerast hverju sinni.

Hún segir ekkert eitt vinsælla en annað á snyrtistofunni enda fjölbreytnin mikil, allt frá nuddmeðferðum og vaxi til naglaásetninga og brúnkumeðferða en það nýjasta er IPL-ljósameðferð sem þykir bylting í háreyðingu.

Brynhildur segir að karlmenn fari helst í nudd og fótsnyrtingu auk þess sem sumir láti taka af hár, sérstaklega af baki. Hún segist hafa orðið vör við mikla viðhorfsbreytingu hjá karlmönnum síðan hún byrjaði í bransanum. „Þetta er ekki lengur tabú eins og var þá,“ segir Brynhildur og tekur fram að oft séu það eiginkonurnar sem panti fyrsta tímann en eftir að karlarnir hafi stigið fyrsta skrefið inn á stofuna verði ekki aftur snúið. „Þá sjá þeir sjálfir um að panta sína tíma,“ segir Brynhildur glaðlega og bætir við að karlmenn hugsi miklu síður en konur um hvað meðferðirnar kosti.

Brynhildur sér sjálf um bókhald snyrtistofunnar og finnst gott að vera algerlega inni í eigin rekstri. „Ég hef gaman af því að horfa á reksturinn ganga vel,“ segir Brynhildur sem býst reyndar við einhverjum samdrætti á árinu en er þrátt fyrir það mjög jákvæð á framhaldið.

**solveig@frettabladid.is**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Regína Rósmundsdóttir,**

Hringbraut 88, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli 7. febrúar. Útför hennar fer fram fimmtudaginn 19. febrúar kl. 13.00 frá Fossvogskirkju.

**Baldvin Ágústsson**

| | |
|---|---|
| **Betzý Ívarsdóttir** | **Arnór L. Pálsson** |
| **Eyrún A. Ívarsdóttir** | **Hörður Ó. Guðjónsson** |
| **Guðni Ólason** | **Þuríður S. Guðmundsdóttir** |

**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**


**TILBOÐSDAGAR**

**30-50%** afsláttur
af völdum legsteinum
á meðan birgðir endast

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is


# Sigurvegarar í ljóðaslammi

Borgarbókasafn Reykjavíkur hélt keppni í ljóðaslammi annað árið í röð á Safnanótt föstudaginn 13. febrúar. Þemað að þessu sinni var hrollur og brugðu þátttakendur upp fjölbreyttum myndum af viðfangsefninu.

Fimmtán ungmenni á aldrinum 15 til 21 árs tóku þátt að þessu sinni og þótti keppnin jöfn.

Sigurvegarar kvöldsins voru Ásta Fanney Sigurðardóttir og Ástríður Tómasdóttir en framlag þeirra bar heitið Eine kleine hrollvekja. Þótti dómnefnd þema keppninnar skila sér mjög vel í atriði þeirra, textinn var sterkur og flutningur góður í einfaldri en áhrifaríkri sviðsetningu.

Í öðru sæti voru Bryndís Ósk Ingvarsdóttir, Júlíana Kristín Jóhannsdóttir og Thelma Björnsdóttir með Nartað í hjarta sem var bæði tilþrifamikið og hrollvekjandi.

Í þriðja sæti var Kristján Klausen sem flutti Ég hélt, eigið lag og ljóð um hrollvekjandi fréttir í daglegu lífi okkar allra.



**SIGURVEGARAR** Keppnin þótti jöfn en þemað að þessu sinni var hrollur.

Upptökur af siguratriðunum þremur verða settar á Bókmenntavefinn bokmenntir.is og á YouTube fljótlega.

**NAFNIÐ MITT:** DÝRI KRISTJÁNSSON

# *Dýri réð Dýra*

„Ég heiti ekkert furðulegu nafni," segir Dýri Kristjánsson þegar hann er spurður út í nafn sitt. „Ég er skírður í höfuðið á afa mínum sem hét Dýri Baldvins og það nafn er komið úr Dýrafirðinum. Ég veit ekki hvort ég hef komið í Dýrafjörð nema kannski einhvern tímann þegar ég var lítill með mömmu og pabba en ég man þá allavega ekki eftir því," segir Dýri.

Í fyrstu man Dýri ekkert eftir að hafa orðið fyrir áreiti eða stríðni út af nafninu sínu en eftir því sem við spjöllum lengur þá rifjast upp skemmtilegar sögur. „Jú, ég var stundum uppnefndur Fríða og dýrið, dýrið eða bara animal sem mér fannst ekkert leiðinlegt, bara töff í þá daga. Ég myndi sjálfur alveg hiklaust skíra börnin mín óvenjulegum nöfnum en ég mun samt hugsa mig vel um áður, ég vil ekki að börnin lendi í einelti."

Sumir kennarar Dýra áttu líka stundum erfitt með að trúa því að hann héti þessu nafni. „Einu sinni þegar ég var í fyrsta tíma í líffræði, ætli ég hafi ekki verið svona tíu ára, þá áttum við að skrifa nafnið okkar á lítið blað og hafa það á borðinu til þess að kennarinn gæti munað nöfnin. Þegar kennarinn sá miðann minn varð hann bara reiður og sagði mér að henda miðanum og að ég hefði alveg eins getað skrifað „blúp blúp" á miðann. Hann hélt náttúrulega að ég væri að fíflast en svo var nú ekki."

Dýri segir að þeir séu aðeins fjórir sem beri nafnið Dýri sem fyrsta nafn. „Mig vantaði endurskoðanda um daginn og ég þekkti engan en ég vissi að nafni minn Dýri Guðmundsson væri endurskoðandi. Ég hringdi í vinnuna hans og kynnti mig sem Dýra og spurði um Dýra, þetta þótti mjög fyndið og hann var ráðinn," segir Dýri og hlær.

Dýri segir að nafnið hans þýði ágætur. „Já, það þýðir ágætur og ágætt er best eins og þegar maður var í fyrstu bekkjunum í grunnskóla og fékk ekki tölur í einkunn heldur orð." Svo þú ert bestur? „Ja, svo segir nafnið allavega."



**DÝRI** Nafnið kemur úr Dýrafirði. MYND/VÖLUNDUR

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samhug hlýju og vináttu við andlát og útför bróðir míns og frænda okkar,*

**Sigurðar Marelssonar**
Vífilsstöðum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Vífilsstöðum og Knattspyrnufélagsins Vals.

**Sigurbjörg Marelsdóttir**
**Sigurður Már Hilmarsson og fjölskylda**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurlaug Þorsteinsdóttir**
Tómasarhaga 13, Reykjavík,

sem lést 12. febrúar sl. verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 19. febrúar 2009 kl. 15.00.

**Þorsteinn Eggertsson** **Ágústa Birna Árnadóttir**
**Hjördís Bergstað**
**Agnes Eggertsdóttir** **Benedikt Sigurðsson**
**barnabörn, makar og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Sveinbjörg Ágústa Jónsdóttir**
húsmóðir, Drápuhlíð 44, Reykjavík,

lést á Landakoti fimmtudaginn 12. febrúar. Útför verður frá Fossvogskirkju mánudaginn 23. febrúar kl. 15.00.

**Jón Jósefsson** **Kristín Gísladóttir**
**Anna Guðrún Jósefsdóttir**
**Sesselja Ingibjörg Jósefsdóttir** **Guðjón Hilmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**
**Ingibjörg Jónsdóttir**

---



*Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug, vináttu og samúð við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Óskars G. Guðjónssonar**
Háaleitisbraut 14,

og heiðruðu þannig minningu hans. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki heimahlynningar líknardeildar Landspítala í Kópavogi fyrir alúð og góða umönnun.

**Guðbjörg Vallý Magnúsdóttir**
**Ragnar Óskarsson** **Jóhanna Njálsdóttir**
**Guðjón Grétar Óskarsson** **Inga Grímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær systir okkar, mágkona og frænka,*

**Laufey Guðmundsdóttir**
frá Hafnarnesi við Fáskrúðsfjörð, síðast til heimilis að Austurbrún 6, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum Fossvogi þann 12. febrúar sl. verður jarðsungin frá Áskirkju fimmtudaginn 19. febrúar kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**systkini hinnar látnu.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásta Ágústsdóttir**
Miðleiti 4,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 8. febrúar verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 19. febrúar kl. 13.00.

**Eggert Óskar Þórhallsson**
**Hafdís Eggertsdóttir** **Sveinn Eyþórsson**
**Ólafur Eggertsson** **Heiða Vernharðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Halldór Ásgeirsson**
vélvirkjameistari, Digranesvegi 58, Kópavogi,

lést á deild L1 Landakoti fimmtudaginn 12. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 20. febrúar kl. 13.00.

**Elsa Fanney Þorkelsdóttir**
**Þórdís Halldórsdóttir** **Klaus Jochimsen**
**Þorkell Hreggviður Halldórsson** **Dóra S. Gunnarsdóttir**
**Magnfríður Halldórsdóttir** **Jón Axel Antonsson**
**Ragnheiður Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,*

**Óskar Rafn Þorgeirsson,**
Skarðsbraut 13, Akranesi,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut 12. febrúar. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 20. febrúar kl. 14. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Krabbameinsfélagið.

**Guðrún Ósk Óskarsdóttir** **Vigfús Orrason,**
**Lísa Sigríður Greipsson** **Rafn Hafberg Guðlaugsson**
**Guðleif Jóna Kristjánsdóttir** **Andreas Schulz**
**og afabörn.**

---



*Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, systir, mágkona og frænka,*

**Elín Áróra Jónsdóttir**
Asparfelli 8, Reykjavík,

lést á Landspítala Hringbraut laugardaginn 14. febrúar. Útför auglýst síðar.

**Bjarni Guðmundur Gissurarsson**
**Jón Svavar Jónasson** **Kolbrún Ósk Óskarsdóttir**
**Ásthildur Jónasdóttir** **Jónbjörn Björnsson**
**Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir**
**Sturla Már Jónasson** **Kristín Fjeldsted**
**Jónas Jónasson** **Gabríela Medina**
**barnabörn og barnabarnabörn**
**Margrét Halla Jónsdóttir** **Hörður Skarphéðinsson**
**Ásthildur Jónsdóttir**
**Svanhildur Jónsdóttir**

---



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Elínar Bjargar Þorsteinsdóttur**
frá Hrísey, Byggðavegi 96, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Asparhlíðar, Öldrunarheimilinu Hlíð, Akureyri fyrir frábæra umönnun og einstaka elskusemi. Innilegar þakkir til Hríseyinga fyrir virðingu henni sýnda og hjálpsemi alla. Guð blessi ykkur öll.

**Auður Filippusdóttir** **Ingólfur B. Hermannsson**
**Steinunn K. Filippusdóttir Le Breton** **Jacques Le Breton**
**Margrét Þóra Filippusdóttir** **Sigurður Eiríksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, stjúpi, tengdafaðir og afi,*

**Garðar Hlíðar Guðmundsson**
Ástúni 10, Kópavogi,

lést föstudaginn 13. febrúar.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Kristín Alfhild Ákadóttir**
**börn og barnabörn.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jakobína Jónsdóttir**
kennari, Hrafnistu Reykjavík,

lést á Hrafnistu laugardaginn 14. febrúar.

**Jón Þorvaldsson** **Guðbjörg Jónsdóttir**
**Baldur Þór Þorvaldsson**
**Katrín Þorvaldsdóttir**
**Ingibjörg Rósa Þorvaldsdóttir**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**

---

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Guðbjörg Pálsdóttir**
Dvalarheimilinu Seljahlíð, Reykjavík,

andaðist á heimili sínu föstudaginn 13. febrúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Páll Þór Jónsson** **Hallfríður Helgadóttir**
**Sigríður Ragnheiður Jónsdóttir**
**Guðrún Pálsdóttir**
**Vilhelm Gauti Bergsveinsson**
**Hákon Pálsson**
**Auður Guðbjörg Pálsdóttir**
**Hildur Briem**
**Árni Briem**
**Sigrún Inga Briem**
**Gunnar Ingi Briem**













NOKKUR ORÐ
**Júlía Margrét Alexandersdóttir**

# Takk, góði grunnskólakennari

Það er eflaust ekki fyrr en maður hefur náð fertugsaldri sem maður gerir sér grein fyrir því hverjum maður á mikið að þakka uppeldi sitt og lífsskoðanir. Og eflaust seint sem maður þakkar viðkomandi aðilum fyrir. Ég áttaði mig á því um daginn þegar ég rakst á gamla grunnskólakennarann minn á fésbók að henni skulda ég sannarlega þakkir fyrir illa launað og vanþakklátt uppeldisstarf. Elín Vigdís Ólafsdóttir kenndi mér í þrjá vetur í Selásskóla ýmislegt sem ég fæ henni fullseint þakkað. Á þessum mótandi árum, frá 10-12 ára, skiptir miklu að nærri uppeldisstarfinu komi aðilar sem ekki aðeins gefa gott fordæmi heldur hrista upp í fyrirframmótuðum hugmyndum manns um lífið og tilveruna. Elín þessi tók sig nefnilega til þessa vetur sem hún kenndi okkur Árbæingunum og dansaði afródans fyrir okkur í tímum, gagnrýndi Ævintýrabækur Enid Blyton fyrir það að stúlkurnar skyldu alltaf vera eftirbátar strákanna í ævintýramennskunni og sagði okkur frá hinum og þessum konum Íslandssögunnar sem höfðu boðið karlmönnum síns tíma byrginn. Stundum fannst okkur Elín þessi svolítið skrítin, svolítið flippuð og svolítið á skjön. Tuttugu árum síðar átta ég mig á því að þökk sé henni er lítil baráttukerling inni í aðeins mínum 163 cm, sem ætlar að reyna að fylgja hennar fordæmi og steyta hnefann gegn hvers kyns karlrembu þessa heims.



# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Nína í Róm og Kópavogi

Íslenskir tónlistarmenn hafa um langt skeið átt innhlaup í Róm í sali Sagrestia del Borromini og haldið þar tónleika. Að þeim standa íslenska sendiráðið og Sigurður Bragason í samstarfi við við listrænan stjórnanda tónleikaraðarinnar, Sebastiano Brusco. Föstudaginn 27. febrúar heldur Nína Margrét Grímsdóttir tónleika þar og verða á efnisskránni verk eftir íslenska og erlenda höfunda: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Pál Ísólfsson, Chopin, Mendelssohn og Mozart.

Áður en Nína heldur í suðurveg verður hún með tónleika hér á landi með sömu efnisskrá og verða þeir í Salnum þriðjudaginn 24. febrúar kl. 20.00. Verkefnið er styrkt af Menntasjóði Listaháskóla Íslands.

- pbb



**TÓNLIST** Nína Margret Grímsdóttir heldur tónleika í Róm og Kópavogi í lok mánaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/

# Salka Valka til Þýskalands

Sölku Völku, dansverki eftir Auði Bjarnadóttur, hefur verið boðið á danshátíðina Tanzwelt í Braunshweig í Þýskalandi 8. mars næstkomandi.

Verkið var frumsýnt á Listahátíð 2002 með Íslenska dansflokknum en að þessu sinni er það Svöluleikhúsið, dansleikhús Auðar Bjarnadóttur, sem þiggur boðið.

Af því tilefni verða sýningar á verkinu í Hafnarfjarðarleikhúsinu í febrúar og mars. Fyrsta sýningin verður hér á landi 20. febrúar í Hafnarfjarðarleikhúsinu og næstu sýningar 28. febrúar og 1. mars. Einungis er um þessar þrjár sýningar að ræða. Nánari upplýsingar fást í Hafnarfjarðarleikhúsinu. http://www.hhh.is

Salka Valka er gerð eftir samnefndri sögu Halldórs Laxness og fjallar um kreppuhetjuna Sölku. Helstu hlutverk eru í höndum Unnar Elísabetar Gunnarsdóttur, Láru Stefánsdóttur, Johanns Lindell og Pontus Petterson. Leikmynd hannaði Sigurjón Jóhannsson og tónlist er eftir Úlfar Inga Haraldsson.



**LISTDANS** Auður Bjarnadóttir.

# Lúðrasveit í Neskirkju

**Lúðrasveit Reykjavíkur heldur stórtónleika í kvöld í Neskirkju við Hagatorg, klukkan 20.30. Aðgangur á tónleikana er ókeypis. Dagskráin er einstaklega glæsileg. Flutt verður tónlist eftir frægustu og rómuðustu tónskáld síðustu aldar, sem sérhæfðu sig í kvikmyndatónlist. Þessir höfundar eru Ennio Morricone, Nino Rota, John Williams, Jerry Goldsmith og Charles Chaplin. Sérstök áhersla verður þó lögð á tónlist eftir Ennio Morricone og einnig tónlist Charles Chaplin úr hans þekktustu kvikmyndum, en Chaplin samdi alla tónlist við sínar myndir. Stjórnandi á tónleikum Lúðrasveitar Reykjavíkur verður Lárus Halldór Grímsson.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 17. febrúar 2009**

### → Fyrirlestrar

**12.05 Lára Magnúsardóttir** flytur erindið „Ótti við andóf veldur andófi og ótta" í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu. Allir velkomnir.

### → Tónlist



**20.30 Lúðrasveit Reykjavíkur** leikur kvikmyndatónlist á tónleikum í Neskirkju við Hagatorg. Aðgangur er ókeypis.

### → Sýningar

**Isisland Brynju Sverrisdóttur** hefur opnað sýningu í Kirsuberjatrénu við Vesturgötu 4. Opið 11-18 virka daga um 11-15 á laugardögum.

### → Tangókvöld

**20.30** Hljómsveitin **Fimm í tangó** leika finnskan og íslenskan tangó í Hlégarði við Háholt í Mosfellsbæ. Özgur Demir og María Shanko sýna dans.

### → Ljósmyndasýningar

**Ráf - roaming** Gréta S. Guðjónsdóttir hefur opnað sýningu í kaffihúsinu Te & kaffi í bókaverslun Eymundssonar í Austurstræti 18. Opið kl. 9-22 virka daga og 10-22 um helgar.

**Reykvíkingar og nágrannar**. Einar Jónsson hefur opnað ljósmyndasýningu á Háskólatorgi við Suðurgötu. Opið alla daga kl. 8-22.

### → Myndlist



**Innra rými** Harpa Dögg Kjartansdóttir og Katla Guðrún Jónasdóttir hafa opnað sýningu í Listasal Iðuhússins við Lækjargötu. Sýningin er opin alla daga frá kl. 9-22.

**auður/hlutfall** Birta Guðjónsdóttir hefur opnað sýningu í Listasal Mosfellsbæjar, Þverholti 2 í Kjarna. Opið virka daga kl. 12-19 og laugardaga kl. 12-15.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| FANBOYS | kl. 8 og 10 | L |
| BEVERLY HILLS CHIHUAHUA | kl. 6 | L |
| HOTEL FOR DOGS | kl. 6 | L |
| BRIDE WARS | kl. 8 | L |
| MY BLOODY VALENTINE | kl. 10.20 - POWER | 16 |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.45, 8 og 10 | 12 |

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| FRIDAY THE 13TH | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |
| CHIHUAHUA m/Ensku tali | kl. 10:20 Ath engin ísl. texti | L |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 6D - 9:10D | 7 |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 6 - 9:10 | VIP |
| HOTEL FOR DOGS | kl. 5:50 | L |
| DOUBT | kl. 8 | L |
| ROLE MODELS | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| BEDTIME STORIES | kl. 5:50 | L |
| ROCKNROLLA | kl. 10:20 | 16 |
| YES MAN | kl. 8 | 7 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| FRIDAY THE 13TH | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | 16 |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 6D | L |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 8D - 10:10D | 7 |
| BLOODY VALANTINE-3D | kl. 8(3D) - 11:10(3D) | 16 |
| BOLT 3-D m/ísl. tali | kl. 6(3D) | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 8 | L |
| TAKEN | kl. 10:10 | 16 |
| SEVEN POUNDS | kl. 8 | L |
| UNDERWORLD 3 | kl. 10:30 | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| CHIHUAHUA | kl. 6 | L |
| FRIDAY THE 13TH | kl. 8 - 10 | 16 |
| ROLE MODELS | kl. 6 | 12 |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 8 | 7 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 8 | L |
| SLUMDOG MILLIONAIRE | kl. 10 | 12 |
| DOUBT | kl. 8 | 12 |
| UNDERWORLD | kl. 10:10 | 16 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ - Í DAG - KR. 500
GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG VIP

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| FANBOYS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| FANBOYS LÚXUS | kl. 5.50 – 8 – 10.10 | L |
| BRIDEWARS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| HOTEL FOR DOGS | kl. 3.40 - 5.45 | L |
| VALKYRIE | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| SKÓGARSTRÍÐ 2 | kl. 3.45 | L |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 4 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE WRESTLER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| FROST/NIXON | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| VICKY CRISTINA BARCELONA | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 5.30 - 8 - 10.10 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| VALKYRIE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BRIDE WARS | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| REVOLUTIONARY ROAD | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| TAKEN | kl. 10.30 | 16 |
| AUSTRALIA | kl. 6 | 12 |
| UNDERWORLD 3 | kl. 10 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BRIDE WARS | kl. 8 - 10 | L |
| REVOLUTIONARY ROAD | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| SKÓGARSTRÍÐ 2 | kl. 6 | L |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR


# Baggalútur ruggar bátum á Rás 2

Nokkuð er um að hlustendur Rásar 2 kvarti undan spilun Reykingalags Baggalúts. Dagskrárstjórinn Sigrún Stefánsdóttir áframsendi einn póst viðkvæms hlustanda á útvarpmenn Rásar 2 og erfitt að skilja öðru vísi en svo að þar sé um tilmæli að ræða að dregið sé úr spilun lagsins. „Líklega er ekkert hægt að gera annað en að lækka í tækinu þegar þessi söngur brestur á og það skaðar varla þá Baggalútspilta þó einum færri aðdáanda sé til að dreifa þegar þeir fá í staðinn hóp ungra og efnilegra aðdáenda og e.t.v. tilvonandi stórreykingamanna í staðinn,“ segir meðal annars í bréfinu.

Bragi Skúlason Baggalútur er höfundur lagsins: „Já, þessi dularfullu vinsamlegu tilmæli. Ég reyki ekki sjálfur en hef heyrt að þetta sé voðalega gott. Reyndar segir hann Eiríkur Hauksson, sem syngur lagið, að þetta sé ógeðslegt og glæpsamlega gott. En diskótekarar ríkisins hljóta að íhuga tilmælin,“ segir Bragi.

„... það er skrítið að á meðan maður reynir að segja börnum hvað það sé vont í alla staði að reykja, hljómi undir lag sem dásamar reykingarnar. Og til að textinn fari nú örugglega ekki fram hjá neinum endurtaka þulirnir stundum hluta textans,“ segir í bréfinu sem áframsent var til útvarpsmannanna. Bragi fórnar höndum og segir reyndar að ef grannt sé hlustað þá sé þarna verið að fjalla um nautnina og skömmina sem reykingum fylgir með nostalgískum augum. Þetta sé ekki lofsöngur. „En maður fagnar því að það sé til fólk sem vakir yfir samborgurunum sínum. Maður getur ekki annað.“

- jbg



**BRAGI BAGGALÚTUR** Má una því að texti hans um reykingar er af sumum hlustendum Rásar 2 túlkaður sem lofsöngur.

# Sló í gegn á 101-þorrablóti

**Geirmundur Valtýsson sló í gegn á hinu árlega 101-þorrablóti Sindra og Stjúra sem var haldið á Prikinu á föstudagskvöld fyrir luktum dyrum.**

„Þetta var svolítið öðruvísi en ég er vanur,“ segir Geirmundur, sem mætti einn með hljómborðið sitt á Prikið án hljómsveitar. „Ég er búinn að spila lengi undir fjöldasöng en ég vissi ekki á hverju ég átti von því þetta var í fyrsta skipti sem ég fer í 101,“ segir hann og kímir. „Undirtektirnar voru þvílíkar að maður hefur ekki kynnst svona. Ég ætlaði bara að vera í klukkutíma eða einn og hálfan. Ég byrjaði korter fyrir ellefu og var alveg til korter yfir tvö.“

Á meðal þeirra um það bil hundrað gesta sem mættu á þorrablótið voru Sigga Boston, Heiðar í Botnleðju, Jón Atli Helgason, Jörundur Ragnarsson leikari, Óttarr Proppé og Stephan Stephensen úr GusGus. Geirmundur segir að þessi 101-hópur hafi verið fínt fólk og sannarlega engar miðbæjarrottur. „Það sungu allir hástöfum. Ég fann hvaða lög ég þurfti að koma með og þegar ég kom með þau voru allir á sömu nótunum.“ Nefnir hann slagara á borð við Nú er ég léttur og fleiri sveiflulög ásamt tveimur þjóðhátíðarlögum sínum. Segist hann þegar hafa fengið boð um að spila aftur fyrir 101-hópinn í afmælisveislu og hlakkar mikið til að endurtaka leikinn.

Morguninn eftir tónleikana á Prikinu keyrði Geirmundur síðan glaður í bragði norður í land og spilaði á þúsund manna þorrablóti í heimabæ sínum Sauðárkróki. „Það var alveg sama stemningin, nema örlítið fleira fólk.“

freyr@frettabladid.is



**Í GÓÐUM GÍR** Sindri Kjartansson, Reynir Jónasson harmonikkuleikari, Stjúri og Sigurður Björn Blöndal voru í góðum gír.



**GEIRMUNDUR VALTÝSSON** Geirmundur sló rækilega í gegn innan um 101-rotturnar á Prikinu á föstudagskvöld.





**SUNGIÐ HÁSTÖFUM** Sungið var hástöfum á þorrablótinu, bæði með Reyni Jónassyni og Geirmundi Valtýssyni.

**SKEMMTIATRIÐI** Þau Guðni Finnsson, Sigurður Björn Blöndal, Lilja Jónsdóttir og Aron Bergmann voru með skemmtiatriði á þorrablótinu.

# Queen-tónleikar endurteknir

„Þetta verður stærri útgáfan,“ segir tónlistarmaðurinn Magni Ásgeirsson. Ákveðið hefur verið að endurtaka Queen-tónleikana sem Magni hélt með kór Fjölbrautaskóla Suðurlands og Djassbandi Suðurlands síðasta vor á Selfossi. Í þetta sinn verða tónleikarnir haldnir í Fífunni í Kópavogi 12. mars og verður þar mikið um dýrðir.

„Þetta verður fimmtíu manna kór og hljómsveit og öll þau ljós og hljómtæki sem hægt er að troða inn í þetta íþróttahús,“ segir Magni, sem fann sig vel í hlutverki Freddie Mercury í fyrra. „Það var troðfullt hús og mér fannst þetta ótrúlega skemmtilegt. Þetta virkaði svo vel að það er búið að hljóðblanda þrjú lög frá tónleikunum og við erum að spá í að setja eitt til tvö lög í spilun á Bylgjunni,“ segir hann. „Þessi tónlist er fullkomin. Ég var enginn sérstakur Queen-aðdáandi en núna er ég að minnsta kosti í tveimur Queen-„tribute“ böndum.“



**MAGNI ÁSGEIRSSON** Verður í sviðsljósinu á Queen-tónleikum í Fífunni í Kópavogi um miðjan mars.

Söngkonan Hera Björk verður gestur á tónleikunum og hugsanlega einhverjir fleiri. Sjálfur ætlar Magni að mæta í hvítum hlýrabol og Adidas-skóm en lengra vill hann ekki ganga sem Mercury-eftirherma. „Ég er búinn að segja öllum að ég geti ekki sungið Mercury. Það hefur enginn komið fram síðan hann dó sem getur þetta. Þetta var flottasti „front-ur“ sem nokkur hljómsveit hefur verið með,“ segir hann.

Miðasala á tónleikana hefst 24. febrúar.

- fb

2 SPORT
*besta sætið*

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

# MEISTARADEILDIN

## 16 – LIÐA ÚRSLIT HEFJAST 24. FEBRÚAR

INTER – MAN. UTD.
REAL MADRID – LIVERPOOL
CHELSEA – JUVENTUS
ARSENAL – ROMA
LYON – BARCELONA
SPORTING – BAYERN MÜNCHEN



## ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ HORFA Á BOLTANN HEIMA

### 40 LEIKIR HEIMA Í STOFU

YFIR 40 BEINAR ÚTSENDINGAR Í FEBRÚAR
ÖLL FJÖLSKYLDAN GETUR HORFT
BESTA SÆTIÐ

VILDARÁSKRIFT EINGÖNGU AÐ STÖÐ 2 SPORT FRÁ 5.026 KR.

MEÐ ÖÐRUM ÁSKRIFTUM FRÁ 3.703 KR.

### 2 LEIKIR Á BARNUM

2 BEINAR ÚTSENDINGAR
4 BJÓRAR
2 HAMBORGARAR

VERÐ 5.324 KR.*

*MEÐALVERÐ FJÖGURRA SPORTBARA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU Í JANÚAR 2009.

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Tap í fyrsta leik hjá Margréti Láru

Margrét Lára Viðarsdóttir lék sinn fyrsta leik með Linköping um helgina. Margrét Lára lagði þá upp eina mark Linköping fyrir Julie Rydahl Bukh í 1-2 tapi í æfingaleik gegn AIK. Mun betur gekk hjá Dóru Stefánsdóttur (sjá mynd) og félögum í LdB Malmö í tveimur æfingaleikjum en sænska liðið vann þá báða með markatölunni 7-1. Dóra skoraði eitt markanna í 4-0 sigri á BK Skjold eftir að hafa komið inn á sem varamaður. Dóra lék síðan allan leikinn þegar LdB Malmö vann 3-1 sigur á Östers. Guðbjörg Gunnarsdóttir lék einnig sinn fyrsta leik í marki Djurgården þegar liðið vann 3-1 sigur á Hammarby í æfingaleik. Engin íslensku stelpnanna í Kristianstads var á meðal markaskorara í 8-1 stórsigri á Stattena.



sport

sport@frettabladid.is

HÖSKULDUR EIRÍKSSON KNATTSPYRNUKAPPI: NÝKOMINN ÚR KVIÐSLITSAÐGERÐ OG ÍHUGAR FRAMTÍÐINA

# *Höskuldur fer í KR eða leggur skóna á hilluna*

Varnarmaðurinn sterki, Höskuldur Eiríksson, samdi um starfslok við Íslandsmeistara FH á dögunum eftir aðeins eins árs veru hjá félaginu. Höskuldur náði ekki að sýna sínar réttu hliðar með FH-ingum enda var hann meira og minna meiddur síðustu tvö ár.

Höskuldur fór síðastliðinn fimmtudag í aðgerð vegna kviðslits og verður væntanlega kominn á fulla ferð eftir sex til átta vikur.

„Ég er ekki viss hvort þetta sé búið að vera undirliggjandi síðan ég spilaði í Noregi því ég hef verið slæmur í nárannum síðan. Svo voru einkennin sterkari síðasta nóvember en það tók nokkurn tíma að komast að þessu,“ sagði Höskuldur sem vonast til þess að með þessari aðgerð muni hann ná fullum bata og geti loksins farið að beita sér að fullum krafti á nýjan leik.

„Ég er að vona að þetta hafi verið rót vandans og ég geti komið mun sterkari til leiks þetta sumar en það síðasta. Staða mín er samt ekkert æðislega góð og kannski ekkert girnilegasti bitinn á markaðnum miðað við meiðslasöguna. Ef ég verð aftur á móti í lagi eftir þessa aðgerð þá tel ég mig klárlega hafa eitthvað fram að færa,“ sagði Höskuldur sem á aðeins í viðræðum við eitt félag sem stendur.



„Ég er í viðræðum við eitt félag sem ég vil ekki nefna á þessu stigi og á von á samningstilboði þaðan á næstu dögum. Ef það gengur ekki upp getur allt eins verið að ég hætti bara,“ sagði Höskuldur en Kristinn Kjærnested, formaður knattspyrnudeildar KR, staðfesti að þetta ónefnda félag væri KR. Kristinn staðfesti enn fremur að KR myndi gera Höskuldi tilboð á næstu dögum.

Höskuldur er uppalinn KR-ingur og myndi hitta fyrir gamla félaga fari svo að hann geri samning við KR-inga. Hann lék 7 leiki fyrir KR á sínum tíma en krafta hans var ekki óskað í kjölfarið. Þá fór hann til Víkings og sló í gegn. Norska liðið Viking fékk hann eftir það í sínar raðir þar sem hann meiddist og hefur verið mikið frá vegna meiðsla síðan.



DRAUMADAGUR Það varð allt vitlaust á Emirates í gær þegar Eduardo skoraði. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Arsenal áfram í bikarnum:

## Eduardo sneri aftur og skoraði

FÓTBOLTI Arsenal komst í sextán liða úrslit ensku bikarkeppninnar í gær með öruggum sigri á Cardiff, 4-0.

Það var mikil stemning á Emirates-vellinum í gær enda Króatinn Eduardo í byrjunarliði Arsenal í fyrsta skipti í heilt ár eftir að hafa fótbrotnað illa.

Endurkoma hans var eftirminnileg því hann skoraði tvö mörk í leiknum. Fyrst eftir aðeins 20 mínútna leik og svo aftur úr víti er hálftími lifði leiks. Í millitíðinni skoraði Nicklas Bendtner. Robin VanPersie skoraði svo undir lokin. - hbg

MÍ í fjölþrautum innanhúss:

## Ágústa og Bjarni meistarar í ár

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Ágústa Tryggvadóttir frá Selfossi og Bjarni Malmquist Jónsson úr Fjölni tryggðu sér um helgina Íslandsmeistaratitilinn í fjölþraut en keppt var í Laugardalshöllinni.

Bjarni sigraði í sjöþraut karla í fyrsta sinn á Íslandsmeistaramótinu innanhúss en Ágústa í þriðja sinn á fjórum árum. Bjarni hlaut samtals 4.905 stig og var 74 stigum á undan Bjarka Gíslasyni UFA, sem varð í öðru sæti með 4.831 stig. Þriðji varð Guðjón Ólafsson Breiðabliki. Ágústa hlaut samtals 3.809 stig en Fjóla Signý Hannesdóttir, liðsfélagi hennar frá Selfossi, varð önnur með 3.152 stig. - óój

# Örlygsættar-áhrifin leyna sér ekki

**Bikarmeistaralið Stjörnunnar í karlaflokki og KR í kvennaflokki eiga það sameiginlegt að hafa fengið liðsstyrk úr sömu ætt í desembermánuði og tímabilið hjá báðum liðum tók í kjölfarið algjörlega nýja stefnu.**

KÖRFUBOLTI Það hefðu fáir trúað því í desember að karlalið Stjörnunnar og kvennalið KR ættu tveimur mánuðum seinna eftir að standa uppi sem nýir Subway-bikarmeistarar. Stjörnumenn voru þá í fallsæti búnir að tapa fimm leikjum í röð og aðeins búnir að vinna tvo af tíu deildarleikjum tímabilsins. Staðan var ekki mikið betri hjá KR-konum enda var liðið búið að tapa þremur leikjum í röð með samtals 74 stigum, þar af með 27 stigum á móti Haukum sem voru mótherjar liðsins í 8 liða úrslitum bikarsins.

Síðan Teitur Örlygsson tók við þjálfarastöðu Stjörnunnar og bróðurdóttir hans Margrét Kara Sturludóttir hóf að leika með KR þá hafa bæði lið varla stigið feilspor. Liðin tvö sem unnu aðeins 9 af 23 leikjum (39 prósent) fyrir komu Teits og Köru hafa unnið 18 af 20 leikjum sínum (90 prósent) og tvo bikarmeistaratitla með þau tvö innanborðs.

### Sáðu sigurfræjunum

Forráðamenn Stjörnunnar vissu að þeir urðu að gera eitthvað og í framhaldinu ráku þeir Braga Magnússon þjálfara.

Við tók leit að nýjum þjálfara en í millitíðinni tóku þeir Jón Kr. Gíslason og Eyjólfur Örn Jónsson við liðinu. Teitur var ráðinn daginn áður en liðið mætti FSu þar sem tveir mestu sigurvegarar íslensks körfubolta sátu hlið við hlið á bekknum og sáðu sigurfræjunum í Stjörnuliðið.

Í fyrsta deildarleiknum undir hans stjórn vann liðið mjög óvæntan 90-88 sigur á Grindavík og nú rétt tæpum tveimur mánuðum síðar hefur Stjarnan unnið níu af tíu leikjum undir stjórn Teits. Eina tapið kom í deildarleik í Ljónagryfjunni í Njarðvík.





TIL HAMINGJU FRÆNKA Teitur Örlygsson óskar Margréti Köru Sturludóttur til hamingju með bikarmeistaratitilinn skömmu fyrir leik Stjörnunnar og KR í bikaúrslitum karla. MYND: KARFAN.IS

Margrét Kara Sturludóttir hóf tímabilið sem nemandi í Elon-háskólanum í Norður-Karólínuríki í Bandaríkjunum en ákvað á endanum að koma aftur heim vegna breyttra efnahagsaðstæðna. Það bjuggust kannski margir við að hún færi aftur í Keflavík þar sem hún varð Íslandsmeistari síðasta vor en Margrét Kara ákvað að ganga til liðs við KR þrátt fyrir að horfa upp á liðið steinliggja með 27 stigum fyrir Haukum. Kara átti mjög fínan leik í fyrsta leik þegar hún var með 17 stig, 11 fráköst, 6 stoðsendingar og 6 varin skot í 69-54 sigri á Snæfelli og nokkrum dögum síðar var komið að bikarleik á móti Haukum á útivelli. Haukaliðið var búið að vinna ellefu leiki í röð og alla heimaleiki sína en Kara og KR-konur réðu ferðinni allan tímann og unnu sannfærandi 28 stiga sigur, 93-65. Kara hefur alls leikið 9 leiki með KR og allir nema einn hafa unnist. Leikurinn sem tapaðist var deildarleikur á móti Haukum á Ásvöllum.

### Mikil munur á Justin og Jovan

Áhrif Teits á Stjörnuliðið má sérstaklega greina í þeim Justin Shouse og Jovan Zdravevski sem hafa blómstrað eftir komu hans og voru sem dæmi saman með 45 stig, 19 fráköst og 14 stoðsendingar í bikarúrslitaleiknum.

Justin Shouse hefur hækkað sig um 5,5 stig (Úr 19,7 í 25,2), 1,8 stoðsendingar og 4,6 framlagsstig (21,5 í 26,1) í leik síðan Teitur tók við og svipaða sögu má segja af Jovan sem hefur hækkað sig um 2,9 stig (17,3 í 20,2), 1,2 stoðsendingar og 4,0 framlagsstig (16,8 í 20,8) í leik.

### Vörn KR tók stakkaskiptum

Koma Margrétar Köru hefur haldist í hendur við gjörbyltingu á varnarleik KR-liðsins sem fékk á sig 68,5 stig í deildarleikjum sínum fyrir áramót en hefur síðan aðeins fengið á sig 61,4 stig að meðaltali. Kara er mjög góð að nýta sér góða vörn til að fá auðveld stig og það á einnig við þann leikmann sem hefur blómstrað mest í liðinu síðan hún kom í Vesturbæinn. Hér er átt við Guðrúnu Gróu Þorsteinsdóttur sem var með 13 stig, 12 fráköst og 5 stolna bolta í bikarúrslitaleiknum.

Það verður fróðlegt að fylgjast með framhaldinu hjá báðum þessum liðum. Nú mæta þau til leiks sem bikarmeistarar og það vilja náttúrulega allir vinna meistarana. Fyrsta próf beggja liða er heldur ekki auðvelt, karlalið Stjörnunnar heimsækir KR-inga heim í DHL-Höllina á fimmtudag og KR-konur taka á miðvikudag á móti nýjum deildarmeisturum í Iceland Express-deild kvenna, Haukum, sem hafa unnið fimmtán deildarleiki í röð.

ooj@frettabladid.is



Ungmennafélagið Einherji

**leitar þjálfara**

Ungmennafélagið Einherji á Vopnafirði hyggst taka þátt í keppni 3. deildar Íslandsmótsins í knattspyrnu á komandi sumri og vill ráða til sín þjálfara sem fyrst. Upplýsingar allar veitir formaður félagsins, Einar Björn Kristbergsson, í síma 898-7944.

Ennfremur hefur félagið áhuga á að fá til liðs við sig nokkra dugmikla leikmenn en félagið ræður yfir hópi ungra, áhugasamra leikmanna.

**Stjórn Ungmennafélagsins Einherja**

Óvænt tap KR-inga fyrir Stjörnunni í Subway-bikarúrslitunum á sunnudaginn:

# Líkt og í úrslitum 1995 og 1999

KÖRFUBOLTI Óvænt tap KR-inga í bikarúrslitaleiknum hefur gefið ástæðu til að rifja upp þá tvo bikarúrslitaleiki þar sem stöðvuð var löng sigurganga en það var í úrslitaleikjunum 1995 og 1999. KR var búið að vinna 27 af 28 leikjum sínum á tímabilinu þegar félagið kom í Höllina á móti Stjörnunni sem var að leika sinn fyrsta bikarúrslitaleik.

Njarðvíkingar voru búnir að vinna 18 leiki í röð og 26 af 27 leikjum tímabilsins þegar þeir mættu í bikarúrslitaleikinn á móti Grindavík 1995 en Grindvíkingar voru þá að leika sinn fyrsta bikarúrslitaleik. Njarðvíkingar höfðu meðal annars unnið Grindavík með 11 stigum á útivelli sex dögum áður, en það taldi lítið í úrslitaleiknum sem Grindavík vann 105-93.

Keflvíkingar voru búnir að vinna 25 leiki í röð og 25 af 26 leikjum tímabilsins þegar þeir mættu í bikarúrslitaleikinn á móti Njarðvík 1999. Leikurinn var æsispennandi en Njarðvík endaði sigurgönguna með því að vinna 102-96 í framlengingu.

Góðu fréttirnar fyrir KR-inga eru kannski þær að í báðum tilfellum urðu umrædd lið Íslandsmeistarar seinna um vorið og það sem meira er þá hefndu þau fyrir tapið í bikarúrslitaleiknum.

Njarðvík vann Grindavík 4-2 í lokaúrslitum árið 1995 og Keflavík vann Njarðvík 3-2 í lokaúrslitunum 1999. - óój



**STENDUR Í STRÖNGU** Beckham er hér í slagsmálum við Sulley Muntari á sunnudag. Hann er einnig í slag við LA Galaxy. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Sagan endalausa um David Beckham heldur áfram:

# Beckham vill ekki fara aftur til LA

**FÓTBOLTI** AC Milan náði ekki að framlengja lánssamning sinn við David Beckham áður en félagaskiptaglugginn í bandaríska boltanum lokaði á föstudag. Málinu er þrátt fyrir það hvergi nærri lokið enda hefur Beckham lýst því yfir að hann vilji vera áfram á Ítalíu.

„Ég veit að það verður erfitt að fara aftur til Bandaríkjanna eftir allt sem hefur gerst. Ég hef sagt að ég vilji vera áfram hjá Milan og það hefur ekkert breyst. Engu að síður er málið ekki í mínum höndum og ég ræð þessu ekki sjálfur,“ sagði Beckham sem fór meiddur af velli í grannaslagnum gegn Inter um helgina sem Inter vann.

„Það verða frekari viðræður á milli félaganna í vikunni og vonandi ná þau samkomulagi í málinu. Milan hefur gert mér það ljóst að félagið vill halda mér út veturinn og jafnvel lengur. Við verðum bara að bíða og sjá hvað gerist. Ég vona að hlutirnir fari eins og ég vil. Ef ég þarf að fara til baka þá mun ég að sjálfsögðu haga mér eins og fagmaður því það er mitt starf,“ sagði Beckham sem vonast til að geta spilað gegn Werder Bremen í UEFA-bikarnum á miðvikudag.

Tap AC Milan gegn Inter varð þeim dýrt enda hefur Inter nú níu stiga forskot á nágranna sína og virðist fátt geta komið í veg fyrir að liðið landi titlinum á fyrsta ári undir stjórn José Mourinho.

„Við erum ansi langt á eftir þeim núna og við þurftum nauðsynlega að vinna þennan leik. Annars er þessi deild sérkennileg. Maður vinnur einn leik en tapar þeim næsta þannig að það er möguleiki en ekki mjög stór.“

Beckham fékk stuðning frá Svíanum Zlatan Ibrahimovic, leikmanni Inter, sem vill halda Beckham í ítalska boltanum. „Bestu leikmennirnir eiga að spila með bestu liðunum og Beckham er klárlega á meðal þeirra bestu. Hann hefur staðið sig virkilega vel hjá Milan og gefur liðinu mikið. Ég held hann sé að verða þeim mjög mikilvægur enda spilar hann ákaflega vel fyrir liðið og þeir hafa aðra leikmenn með aðra hæfileika,“ sagði Svíinn skrautlegi.

- hbg





> **Bruce Campbell**

„Það er alltaf stór hluti af mér í öllum persónum sem ég leik. Ég held að leikarar sem segjast umbreytast í þær persónur sem þeir leika séu annaðhvort geðklofar eða lygarar."

Campbell leikur Sam Axe í þáttunum Burn Notice sem sýndir eru á Stöð 2.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT VILL FÁ ALVÖRU ÍSLENSKAN MULDER Á SKJÁINN

# *Óvættir, leyndardómar og dulræn öfl*

Það gladdi mig mikið um helgina þegar vinur minn benti mér á að það mætti nálgast alla þættina af „Arthur C.Clarkes Mysterious World" á YouTube. Eins og margir vita var hann vísindaskáldsagnahöfundur og frægasta bók hans er tvímælalaust 2001: A Space Odissey sem meistarinn Stanley Kubrick gerði svo kvikmynd eftir. Þegar ég var lítil fannst mér ekkert meira spennandi en að sökkva mér inn í þann leyndardómsfulla heim sem þessi merkilegi maður fjallaði um í sjónvarpinu. Það vill nefnilega svo skemmtilega til að vísindamenn geta hreinlega ekki útskýrt allt sem til er á jörðinni þrátt fyrir að þeir reyni af öllum mætti. Meðal efnis hjá Clarke í þáttaröðinni voru Nazca-línurnar



í Perú sem enginn hefur getað útskýrt og margir halda að séu flugbrautir fyrir geimverur, „Big Foot" apamaðurinn, dularfullir akurhringir, sjávarskrímsli og auðvitað fljúgandi furðuhlutir. Það veldur mér töluverðum vonbrigðum að á Íslandi, landi sem er heimsþekkt fyrir álfatrú og dularfullt landslag hafi dulræn fyrirbæri ekki verið rannsökuð ofan í kjölinn. Hvernig væri nú að fá einhvern „súperagent" í anda Mulders úr X-Files til þess að fljúga yfir hálendið, athuga hvort það leynist ekki flugbrautir á íslensku jöklunum og láta mæla tíðnina í Lagarfljóti? Slíkt yrði alveg topp sjónvarpsefni. Þangað til ætla ég að liggja yfir þáttunum hans Arthúrs C í tölvunni minni.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **19.10 Flensburg - Melsungen** STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.40 Káta maskínan** SKJÁREINN



▶ **20.00 Worst Week** STÖÐ 2



▶ **20.10 Mæðgurnar** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30 Ally McBeal** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.00 Fréttaaukinn** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Bjargvætturin** (17:26)

**18.00 Latibær** (e)

**18.25 Út og suður** (3:3) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Mæðgurnar** (Gilmore Girls VII) (13:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar. Aðalhlutverk: Lauren Graham, Alexis Bledel, Keiko Agena og Yanic Truesdale.

**20.55 Horfin börn** (De forsvundne babyer) Dönsk heimildamynd. Æ fleiri dönsk pör eiga í erfiðleikum með að eignast börn. Sum þeirra leita á ólöglega markaðinn og fá leigumæður til að ganga með börn sín.

**22.00 Tíufréttir**

**22.20 Dauðir rísa** (Waking the Dead V) (10:12) Breskur sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Aðalhlutverk: Trevor Eve, Sue Johnston, Félicité Du Jeu, Esther Hall og Wil Johnson.

**23.15 Hvarf** (Cape Wrath) (4:8) Breskur spennuflokkur með úrvalsleikurum. Fjölskylda flyst í smábæ undir fölsku nafni en það getur verið erfitt að flýja fortíðina. Aðalhlutverk: David Morrissey, Lucy Cohu, Harry Treadaway og Felicity Jones. (e)

**00.05 Kastljós** (e)

**00.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Búi og Símon**

**10.00 Employee of the Month**

**12.00 About Last Night**

**14.00 Raise Your Voice**

**16.00 Búi og Símon**

**18.00 Employee of the Month**

**20.00 About Last Night** Mynd um ástarsamband tveggja ungmenna og hvernig það hefur áhrif á fjölskylduna og vinina.

**22.00 London**

**00.00 Lady in the Water**

**02.00 Blow Out**

**04.00 London**

**06.00 Shopgirl**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego Afram!, Dynkur smáeðla, Doddi litli og Eyrnastór og Ævintýri Juniper Lee.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (254:300)

**10.15 Wipeout** (6:11)

**11.00 Ghost Whisperer** (34:44)

**12.00 Grey's Anatomy** (17:17)

**12.45 Neighbours**

**13.10 Once Upon a Mattress**

**14.40 Sjáðu**

**15.10 Flight of the Conchords** (12:12)

**15.40 Saddle Club**

**16.03 Tutenstein**

**16.23 Stuðboltastelpurnar**

**16.43 Ben 10**

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Neighbours**

**17.58 Friends 2** (3:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.35 The Simpsons** (10:22)

▶**20.00 Worst Week** (9:15) Gamanþættir sem fjalla um seinheppinn náunga sem upplifir verstu viku ævi sinnar þegar hann heimsækir tilvonandi tengdaforeldra sína til að tilkynna þeim að dóttir þeirra sé ólétt og að hann ætli að giftast henni.

**20.25 How I Met Your Mother** (6:20)

**20.50 Burn Notice** (11:13) Njósnarinn Michael Westen kemst að því að hann hefur verið settur á lista yfir njósnara sem ekki er lengur treystandi og nýtur því ekki lengur verndar yfirvalda. Hann gerist því einkaspæjari í heimabæ sínum þar sem verkefnin geta orðið ansi ómerkileg fyrir „alvörunjósnara".

**21.35 Rescue Me** (10:13)

**22.20 The Daily Show. Global Edition**

**22.45 Auddi og Sveppi**

**23.15 Grey's Anatomy** (12:24)

**00.00 Hawaii, Oslo**

**02.05 Once Upon a Mattress**

**03.35 Silent Witness** (7:10)

**04.30 How I Met Your Mother** (6:20)

**04.55 Worst Week** (9:15)

**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Arsenal - Cardiff** Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.

**16.00 Arsenal - Cardiff** Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.

**17.40 Þýski handboltinn** Hver umferð gerð upp. Handknattleikur á heimsmælikvarða.

**18.10 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð.

**18.40 Ensku bikarmörkin 2009** Sýnt frá öllum leikjum umferðinnar í enska bikarnum og öll helstu tilþrifin skoðuð.

▶**19.10 Flensburg - Melsungen** Bein útsending frá leik í þýska handboltanum en með liði Flensburg leikur Alexander Petterson.

**20.40 NBA All Star Game** Útsending frá NBA-stjörnuleiknum í körfubolta.

**22.40 PGA Tour 2009** Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.

**23.35 Veitt með vinum** Nú er kominn tími til að veiða gæsir og því fá áhugamenn um gæsaveiðar eitthvað fyrir sinn snúð.

**00.05 World Supercross GP** Sýnt frá World Supercross GP en að þessu sinni fór mótið fram á Angel Stadium í Anaheim.

**01.00 Flensburg - Melsungen** Útsending frá leik í þýska handboltanum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.55 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**18.25 Coca Cola-mörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

**18.55 PL Classic** Matches Newcastle - Man United, 1995. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**19.25 PL Classic Matches** Middlesbrough - Man. Utd 1999.

**19.55 Portsmouth - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**21.35 Chelsea - Hull** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**23.15 PL Classic Matches** Chelsea - Sunderland, 1996.

**23.45 Man. Utd. - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**16.40 Vörutorg**

**17.40 Rachael Ray** Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.25 America's Funniest Home Videos** (8:48) (e)

**18.50 The Bachelor** (10:10) (e)

▶**19.40 Káta maskínan** (3:9) Menningarþáttur í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar þar sem fjallað er um það sem er efst á baugi í menningarlífi landsmanna og rætt við listamenn úr öllum krókum og kimum listalífsins.

**20.10 The Biggest Loser** (4:24) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna. Svarta liðið mætir til leiks og kemur öllum í opna skjöldu. Vinnur bláa liðið aðra vigtunina í röð eða stelur svarta liðið senunni.

**21.00 Top Design** (7:10) Ný, bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir innanhússhönnuðir keppa til sigurs. Það er farið að hitna í kolunum og þeir fimm hönnuðir sem eftir eru takast á við sitt erfiðasta verkefni til þessa. Nú eiga þeir að hanna rými fyrir ofurkokkinn Tom Colicchio, yfirdómara í þáttaröðinni Top Chef.

**21.50 The Dead Zone** (10:12) Johnny Smith sér framtíð þeirra sem hann snertir og reynir að bjarga þeim sem þurfa á hjálp að halda. Johnny rannsakar dularfulla konu sem kveðst vera dóttir Prudys. Johnny aðvarar Prudy um að konan gæti reynst honum hættuleg en hann tekur ekki mark á honum og leyndarmál fortíðar koma upp á yfirborðið.

**22.40 Jay Leno** Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 CSI** (5:24) (e)

**00.20 Vörutorg**

**01.20 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50

### How I Met Your Mother



How I Met Your Mother er talin sú gamanþáttaröð sem best hefur fyllt það skarð sem varð eftir Friends-þættina. Þetta eru þættir sem eru fyndnir og sneisafullir af rómantík. Í þessari þriðju seríu fáum við að kynnast enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin og um leið komumst við nær sannleikanum um hvernig sögumaðurinn Ted kynntist móður barnanna sinna og hver hún í raun er. Í þætti kvöldsins kemst Ted að því að klámstjarna notar nafnið hans og eyðslusemi Lily neyðir Marshall til að taka vafasömu starfi.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Simpsons
### Stöð 2 kl. 19.35



Simpsons-fjölskylduna þarf vart að kynna enda hefur hún verið fastagestur á heimilum landsmanna frá því þættirnir hófu göngu sína árið 1989. Það er aldrei lognmolla í kringum fjölskylduna og nágranna þeirra í bænum Springfield þar sem ýmislegt gengur á. Í þættinum í kvöld tekur Lísa völdin á heimilinu eftir að Marge er lögð fótbrotin á spítala. Þegar karlmennirnir taka lítinn þátt í heimilisstörfunum finnur Lísa áhrifaríka leið til að hefna sín á þeim.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Pipar og salt
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Horfinn heimur - aldamótin 1900
**15.03** Útvarpssagan: Í frostinu
**15.30** John Coltrane kvartettinn leikur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Bláar nótur í bland
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.17** Fimm fjórðu
**23.03** Gatan mín
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (126:260)
**16.30 Hollyoaks** (127:260)
**17.00 Seinfeld** (4:5)
**17.30 Ally McBeal** (12:24)
**18.15 The O.C.** (9:27)
**19.00 Hollyoaks** (126:260)
**19.30 Hollyoaks** (127:260)

**20.00 Seinfeld** (4:5) Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma. Þess má geta að höfundur þáttana, ásamt Jerry Seinfeld, er Larry David úr Curb Your Enthusiasm.

▶ **20.30 Ally McBeal** (12:24) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástamál eru drepfyndin og stórfurðuleg.

**21.15 The O.C.** (9:27) Stöð 2 Extra og Stöð 2 endursýna þessa vinsælu þáttaröð frá upphafi. Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.

**22.00 Men in Trees** (18:19) Marin Frist hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit. Hún virðist hafa fundið hinn eina sanna, Jack, sem er hlédrægur en afar heillandi og myndarlegur maður.

**22.45 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Hann fær góða viðmælendur í heimsókn og auk þess verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur.

**23.30 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.

**23.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Pólitískar hringborðsumræður um efnahagsmálin.

**21.00 Birkir Jón** Varaformaður Framsóknarflokksins, Birkir Jón Jónsson, ræðir við Örnu Guðmundsdóttur lækni um sykursýki.

**21.30 Kristinn H.** Þingmaðurinn Kristinn H. Gunnarsson skoðar sveitarstjórnarmál.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**12.05** Aftenshowet **12.30** Godt arbejde **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Spam **15.30** Braceface **15.50** En hund efter mad **16.00** Agent Nørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Kender du typen **19.30** Danskere i krig **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Beck. Det japanske shungamaleri **22.30** Livvagterne **23.30** Boogie Mix

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Berlin, Berlin **12.30** Viten om **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Walkabout **14.00** NRK nyheter **14.05** Par i hjerter **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** VM skiskyting **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Dora utforskeren **17.25** Travelbymysteriene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Landeplage **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** VM-kveld **21.00** Eva Joly - korrupsjonsjegeren **21.50** Extra-trekning **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lost in Translation **23.50** Mat i faresonen **00.15** Kulturnytt

## SVT 1

**12.15** Elling **13.40** Diplomaterna **14.10** Maggies nya liv **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Skidskytte **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Mästarnas mästare **20.00** Andra Avenyn **20.45** Head in the Clouds **22.45** Kulturnyheterna **23.00** Sommer **00.00** Sändningar från SVT24




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Það eru ýmsar óperuupptökur úr okkar eigin safni. Og svo alls konar skemmtileg óperubrot sem finna má á Youtube. Til dæmis Lucia di Lammermoor sem Anna Netrebko syngur í Metrópólítan-óperunni.“*

Inga María Leifsdóttir, kynningarstjóri Óperunnar.

# Kærastinn vill til Moskvu með Jóhönnu

„Ég vissi allan tímann að hún myndi vinna þannig að ég var ekkert sérstaklega stressaður,“ segir Ólafur Ólafsson, kærasti Jóhönnu Guðrúnar Jónsdóttur sem kom, sá og sigraði í Eurovision-keppninni hér heima á laugardaginn var. Ólafur neitar því þó ekki að hafa fengið smá fiðring. „Maður herptist kannski aðeins saman þegar Páll Óskar var búinn að tilkynna fyrra lagið í úrslit.“

Ólafur segist gjarnan vilja fara út með Jóhönnu en hann hefur fylgt henni í gegnum ýmislegt á hennar ferli undanfarin ár en þau hafa verið par í næstum tvö ár. „Já, já, ég er henni alltaf innan handar eins og ég get. Áður en hún fékk bílpróf var ég til dæmis alltaf að skutla henni og svo þegar hún dvaldi erlendis, oft nokkra mánuði í senn reyndi ég að heimsækja hana eins og ég gat.“

Ólafur er sjálfur nemandi í Flensborg og segist spila á gítar og píanó í frístundum en stefni ekkert á atvinnumennsku eins og kærastan. En hvernig héldu þau svo upp á þetta? „Við fórum á Nasa og svo bara heim. Daginn eftir, á sunnudeginum, elduðum við svo Pekingönd. Enda hafði Jóhanna Guðrún verið í strangri megrun og verið að lyfta fyrir keppnina, þannig að það var æðislegt að elda þarna saman.“

\- jma



**HAFA VERIÐ SAMAN Í NÆRRI TVÖ ÁR** Ólafur Ólafsson og Jóhanna Guðrún Jónsdóttir hafa verið saman í tvö ár nú í júní. Þau héldu upp á Eurovison-sigurinn með Pekingönd.



**LÁRÉTT**
**2.** skvamp, **6.** kúgun, **8.** mánuður, **9.** eldsneyti, **11.** 2000, **12.** skot, **14.** mjóróma, **16.** gylta, **17.** púka, **18.** vætla, **20.** á fæti, **21.** bor.

**LÓÐRÉTT**
**1.** að lokum, **3.** umhverfis, **4.** launráð, **5.** festing, **7.** ræðismaður, **10.** yfirbreiðsla, **13.** af, **15.** óvild, **16.** sigti, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** busl, **6.** ok, **8.** maí, **9.** kol, **11.** mm, **12.** snafs, **14.** skræk, **16.** sú, **17.** ára, **18.** íla, **20.** il, **21.** alur.
**LÓÐRÉTT: 1.** loks, **3.** um, **4.** samsæri, **5.** lím, **7.** konsúll, **10.** lak, **13.** frá, **15.** kala, **16.** sía, **19.** au.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Karlalið Stjörnunnar og kvennalið KR.
2. 80 ára.
3. 120 kettir.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

ALEXÍA BJÖRG JÓHANNESDÓTTIR: INNBROTAALDA Í VESTURBÆNUM

# Kasólétt leikkona hræddi innbrotsþjóf af svölunum

„Ég held að hann hafi verið hræddari en ég,“ segir Alexía Björg Jóhannesdóttir leikkona, sem varð fyrir óvenjulegu atviki í síðustu viku þegar hún hræddi innbrotsþjóf af svölunum á heimili sínu og Guðmundar Steingrímssonar í Vesturbænum. Innbrotsþjófurinn var um það bil að láta til skarar skríða þegar Alexía varð hans vör.

„Ég heyrði einhver hljóð á svölunum á svefnherberginu okkar nokkrum mínútum eftir að við slökktum ljósið. Ég reif strax upp gardínurnar og horfði þá beint í augun á ungum manni með hettu á höfðinu. Ég varð eiginlega ekkert hrædd, heldur bara reið og barði í gluggann. Ég var með svo mikil læti að hann hefur eflaust orðið hræddari en ég og örugglega ekki búist við að mæta brjálaðri óléttri konu,“ segir Alexía og brosir.

„Ég veit ekki hvort það sé út af því að ég er komin rúmlega átta mánuði á leið, en ég var í svaka ham og ætlaði bara að hlaupa út á eftir honum og berja hann, þangað til Guðmundur sagði mér að ég þyrfti að slaka á,“ bætir hún við.

„Þetta var nú ekki vel skipulagt innbrot og hann hefur eflaust bara verið að leita eftir DVD spilara eða eitthvað álíka. Ég hringdi samt í lögregluna til að láta vita og lýsti manninum, sem var á milli 25 til 30 ára og í mjög áberandi röndóttri hettupeysu. Mér skilst að það sé einhver innbrotaalda í Vesturbænum og hef heyrt af fólki sem hefur verið brotist inn til um miðjar nætur meðan það er sofandi, svo maður er bara feginn að hann komst ekki inn,“ segir Alexía.

alma@frettabladid.is



**BRÁST SKJÓTT VIÐ** Alexía hræddi innbrotsþjóf af svölunum á heimili sínu í síðustu viku, en aðeins tvær vikur eru þangað til hún á að eiga barn. Guðmundur Steingrímsson bóndi Alexíu róaði hana eftir að hún hrakti þjófinn á brott.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Í gær reit Davíð Þór Jónsson Bakþanka blaðsins undir fyrirsögninni „These are not bankers, they are wankers“ sem mun vera tilvitnun í fyrrum bankastjóra Lloyd´s bankans í London. Ekki var það í samtali við minni mann en sjálfan **Dr. Bjarna Þórarinsson** sjónháttarfræðing sem bankastjórinn lét ummælin „These were not bankers, they were wankers!“ falla en Bjarni mun hafa hitt þennan téða bankastjóra í jólaboði hjá systur sinni sem búsett er í London. Og ræddu þeir félagar bankahrunið þannig að eftir var tekið.



Þau hjá Veröld Bjarti eru ánægð með sinn mann **Sjón** sem mun vera ein skærasta stjarna nýstofnaðs bókaforlags í Danmörku. Forlagið heitir C&K Forlag og var það kynnt á forsíðu innblaðs Politiken í gær. Þar segir að forlagið sé stofnað í samvinnu við helsta spútnikk í bókaútgáfu síðasta árs, nefnilega Hr. Ferdinants, sem er í eigu Snæbjörns Arngrímssonar stofnanda Bjarts. Talar Politiken um Sjón sem helstu stjörnu forlagsins og hefur C&K tryggt sér útgáfurétt á Rökkurbýsnum.

Áðurnefndur Davíð Þór var veislustjóri á árshátíð ráðuneytanna síðastliðið föstudagskvöld. Vakti hann nokkra kátínu viðstaddra þegar hann kynnti matseðilinn með þeim orðum að í forrétt væri skuldasúpa en í aðalrétt væri réttur launþega fyrir borð borinn. Meðal gesta voru **Jóhanna Sigurðardóttir** forsætisráðherra sem mætti einsömul, Kristján Möller samgönguráðherra sem fór með gamanmál og Urður Gunnarsdóttir upplýsingafulltrúi sem vann sér inn Þórsmerkurferð í leik.



\- jbg, hdm

N1
-5kr. / -15%
Sæktu um núna á n1.is
Viðskiptakort
N1

# Póllandsfarar Jónínu gefa fiðlu

Pólska fiðlustelpan Andrea fékk svo sannarlega óvænta gjöf á dögunum þegar íslenskir Póllandsfarar Jónínu Benediktsdóttur gáfu henni spánnýja fiðlu. Andrea og móðir hennar spila fyrir gesti og gangandi á götum úti en fiðlan sem Andrea notaði var orðin heldur gömul og slitin.

„Hún kom alltaf á hótelbarinn til okkar og spilaði fyrir okkur ásamt móður sinni. Við vildum ekki sjá lítið barn með lélega fiðlu og lögðum öll í púkkið,“ útskýrir Jónína en meðal þeirra sem lögðu sitt af mörkum voru þingmaðurinn Árni Johnsen, eldklerkurinn Gunnar Þorsteinsson og súlukóngurinn Ásgeir Davíðsson. Þeir hafa allir notið góðs af annáluðum detoxmeðferðum Jónínu í Póllandi eins og Fréttablaðið hefur greint frá og sýndu mikinn rausnarskap með þessari gjöf. Jónína er nú stödd úti í Póllandi með enn einum hópnum og segir hann vera, venju samkvæmt, skemmtilegan og hressan.

„Við náðum að safna saman áttatíu þúsund krónum og það nægði fyrir góðri fiðlu úti í Póllandi.“ Og vel það því fiðlustelpan Andrea gat keypt sér gsm-síma fyrir afganginn. Andrea átti ekki orð yfir gjöfinni. „Hún sagði að þetta væri besti dagurinn í lífi hennar,“ segir Jónína en Andrea kom síðan við á hótelbarnum á sunnudagskvöldið og lék fyrir viðstadda á nýju fiðluna sína. „Hún byrjaði á því að stilla hana,“ útskýrir Jónína.

\- jma



**ÁRNI JOHNSEN OG DETOX-FÉLAGAR** Létu gott af sér leiða og lögðu saman í púkk fyrir fiðlunni.



**FIÐLUSTELPAN ER NÁTTÚRUTALENT** Jónína segir að Andrea, sem fékk fiðluna, sé átta ára gömul en það sjáist strax að hún sé náttúrutalent á ferð.

**Ný dæmi**
**um verð og gæði**

mazda

-25%



**Mazda6 Touring**
2,0 bensín sjálfskiptur station
Fast númer VY817
Skrd. 10/2006. Ek. 71.000 km.
Ásett verð 2.390.000 kr.
Afsláttur 600.000 kr.
**Tilboðsverð 1.790.000 kr.**

# Við erum á tánum í dag - fyrir þig

## Semdu við okkur um verð.

-16%



**Mazda6 Touring**
2,0 bensín sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer YT597
Skrd. 10/2005. Ek. 29.000 km.
Ásett verð 2.240.000 kr.
Afsláttur 350.000 kr.
**Tilboðsverð 1.890.000 kr.**

-16%



**Mazda3 Touring Plus**
1,6 bensín sjálfskiptur 4 dyra
Fast númer NL558
Skrd. 10/2005. Ek. 43.000 km.
Ásett verð 2.120.000 kr.
Afsláttur 330.000 kr.
**Tilboðsverð 1.790.000 kr.**

## Fáðu þér notaðan bíl hjá Mazda í dag, Bíldshöfða 8.

Fjöldi annarra Mazda bíla í boði.
Hringdu núna í síma 515-7000.

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig - farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins í dag. Komdu í Brimborg

*selja gamla*

*kaupa nýjan notaðan*

CITROËN

-30%



**Citroën C5 SX**
2,0 bensín sjálfskiptur 5 dyra
16" álfelgur
Fast númer TZ728
Skrd. 12/2004. Ek. 52.500 km.
Ásett verð 2.130.000 kr.
Afsláttur 640.000 kr.
**Tilboðsverð 1.490.000 kr.**

-12%



**Citroën C3 SX**
1,4 bensín beinskiptur 5 dyra
Bakkskynjari, hraðastillir ofl.
Fast númer YA389
Skrd. 08/2005. Ek. 50.500 km.
Ásett verð 1.570.000 kr.
Afsláttur 180.000 kr.
**Tilboðsverð 1.390.000 kr.**

-25%



**Citroën C4 SX Saloon**
1,6 bensín beinskiptur 5 dyra
Fast númer OS893
Skrd. 06/2005. Ek. 37.700 km.
Ásett verð 1.860.000 kr.
Afsláttur 470.000 kr.
**Tilboðsverð 1.390.000 kr.**

# Áfram Ísland:

## - Nýtum það sem við eigum;
## - Endurnýtum gjaldeyrinn;
## - Kaupum notaðan bíl;
## - Komdu í Brimborg í dag.

## Fáðu þér notaðan bíl hjá Citroën í dag, Bíldshöfða 8.

*Notað*

**Eingöngu bílar sem sérfræðingar Citroën og Mazda mæla með**

Fjöldi annarra Citroën bíla í boði.
Hringdu núna í síma 515 7000.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

Cohn & Wolfe Public Relations Íslandi

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is

Opið 07 til 02
Lyfja Lágmúla


**BAKÞANKAR**

Páls Baldvins Baldvinssonar




## „Kemur manninum mínum ekkert við“

Álfélaginu á Íslandi er ekki lengur rótt. Álverð fer hríðfallandi á heimsmarkaði og grynnkar stöðugt í vösum sem geta lánað stórfyrirtækjum og smáþjóðum milljarða til að byggja ný álver og orkuver sem gefa af sér ódýra orku á þriðjaheimsverði fyrir málmbræðslur. Það er tekið að súrna í augum álvinanna íslensku og þá styttist þráðurinn.

**SAMT** þreyja þeir þorrann. Áfram skal haldið framkvæmdum í Helguvík þótt orkan sé ekki fengin enn, draumurinn á Bakka fjarlægist stöðugt enda heimamenn teknir að leita uppi nýja möguleika: Þeistareykjasvæðið skal eyðilagt. Fjármögnun á verksmiðju nyrðra og orkuveri fjarri, en þingmenn sem hafa kokgleypt áltrúna arga þá bara: hún skal rísa samt.

**FRÚ** Ólöf Nordal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, brást illa við þegar á það var minnt í tilefni af fyrirspurn hennar um frekari framkvæmdir í álbræðslum: „Það kæmi sko manni hennar ekkert við að hún væri að spyrjast fyrir um það,“ þrátt fyrir að hennar mæti bóndi sé forstjóri Alcoa á Íslandi og einn helsti erindreki félagsins um nýjar bræðslur hér. Áhugi frúarinnar á bræðslum var honum alveg óviðkomandi, þótt stærstur hluti framfærslu þeirra hjóna komi úr sjóðum félagsins. Nei, það voru engin tengsl þar á milli. Hún var búin að gleyma öllu um vanhæfni skyldra aðila til að meta mál sem einhver kenndi henni þó á sínum tíma í lögfræðinni. Svona getur stutt seta á þingi leikið besta fólk: það gleymir skilsmun sóma og skammar.

**ÓLÖF** Nordal er algerlega vanhæf til að fjalla á opinberum vettvangi og þingi um öll mál er snerta framtíð áliðnaðar á Íslandi meðan bóndi hennar er í vinnu hjá stærsta álframleiðanda í heimi. Henni ætti aftur að vera ljúft og skylt að sinna öðrum málum, eins og til dæmis vernd náttúruvéa – ekki bara gæta að vernd þeirra fyrir stundarhagsmunum, heldur líka langtímahagsmunum. Nema henni sé „andskotans sama“. Það væri gott fyrir kjósendur í Reykjavík að vita það, því hingað er hún flutt með heimili sitt. Góðærið á Austfjörðum dugði sumsé ekki til að halda forstjórafrúnni eystra í álblómanum sem þar spratt svo snögglega og hvarf jafnhratt.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 17. febrúar 48. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.16 | 13.42 | 18.09 |
| Akureyri | 9.08 | 13.26 | 17.46 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Fermingartilboð 2009



Crown heilsurúm



Aðeins
**kr. 10.330,- á mán.**
vaxtalaust í 12 mán.
Fermingartilboð kr. 117.440,-
Stærð 120x200 cm. Fleiri stærðir í boði.

Chiro standard heilsurúm



Aðeins
**kr. 11.987,- á mán.**
vaxtalaust í 12 mán.
Fermingartilboð kr. 136.640,-
Stærð 120x200 cm. Fleiri stærðir í boði.

Chiro Deluxe heilsurúm



Aðeins
**kr. 12.665,- á mán.**
vaxtalaust í 12 mán.
Fermingartilboð kr. 144.640,-
Stærð 120x200 cm. Fleiri stærðir í boði.

Sjá nánar á www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK